FRÉTTABLAÐIÐ

116. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 15. JÚNÍ 2021

Tignarleg hrauná rennur niður í Nátthaga þar sem ferðamenn horfðu agndofa á sjónarspilið þegar Fréttablaðið bar að garði í gær. Samkvæmt Ara Guðmundssyni hjá Verkís er stefnt á að reisa 200 metra langan og fjögurra metra háan varnarvegg sem á að beina hraunflæði frá Nátthagakrika en það er komið ískyggilega nálægt helstu gönguleiðinni. Samkvæmt Ara fór ýta upp brekkuna þar sem hinn margrómaði kaðall var áður og benti hann á að trúlega myndi verkið vinnast hraðar ef önnur ýta kæmist einnig upp brekkuna. Það væri þó hægara sagt en gert. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Grunur um stórfelld skattalagabrot

Rannsókn skattrannsóknarstjóra á 25,1 milljarðs króna greiðslum til íslenskra skattþegna gegnum Airbnb miðar vel. Um er að ræða tugi milljóna króna sem ekki voru gefnar upp á skattframtölum.

mhj@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Í gögnunum frá Airbnb, sem skattrannsóknarstjóri hefur aflað, eru upplýsingar sem vekja grun um stórfelld skattalagabrot íslenskra skattþegna. Alvarleiki brotanna veltur meðal annars á fjárhæðum sem ekki hafa verið gefnar upp á skattframtölum en fjárhæðirnar geta numið tugum milljóna króna. Skattrannsóknarstjóri fékk í fyrra upplýsingar um 25,1 milljarðs greiðslur til íslenskra skattþegna frá Airbnb á Írlandi vegna áranna 2015 til 2018. Embættið hefur unnið að úrvinnslu gagnanna í hartnær ár en nú er rannsókn embættisins að taka á sig mynd.

„Það eru nokkur brot þarna sem eru alvarleg og stórfelld. Þau verða hjá okkur í rannsókn og geta mögulega endað fyrir dómstólum," segir Theodóra Emilsdóttir, settur skattrannsóknarstjóri.

Fjöldi mála sem verða tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra er ekki ljós, en þau verða nokkur, segir Theodóra. Upplýsingar um aðra aðila verða sendar skatteftirliti, og getur þeim málum lokið með endurákvörðun skatta ef útleigutekjur reynast vantaldar.

„Hvað alvarlegri málin snertir kemur auk endurákvörðunar til beitingar sektarviðurlaga ef grunur reynist réttur. Hluta málanna gæti hvað það varðar lokið með sekt eftir rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra," segir Theodóra en skattrannsóknarstjóri hefur heimild til að beita sektum allt að 100 milljónum króna. „Önnur og alvarlegustu málin færu áfram til rannsóknar hjá héraðssaksóknara og síðan í dómsmeðferð og lýkur þá mögulega með sekt og fangelsisrefsingu."

> Það eru nokkur brot þarna sem eru alvarleg og stórfelld.
>
> Theodóra Emilsdóttir

Skattrannsóknarstjóri óskaði eftir gögnunum með bréfi í lok árs 2018 en gögnin bárust ekki fyrr en í ágúst 2020. Vinna við frekari greiningu gagnanna hófst samstundis en önnur verkefni embættisins hafa valdið töfum á rannsókninni. „Um mikið magn gagna er að ræða og hefur verkefnið þurft að þoka fyrir öðrum verkefnum hjá skattrannsóknarstjóra," segir Theodóra, spurð um hvort embættið hafi nægilegan mannafla í verkefnið.

Í febrúar 2018 áætlaði Hagstofan að heildarfjöldi gistinátta á öllum tegundum gististaða hafi árið 2017 verið um 10.500.000, þar af hafi gistinætur á stöðum sem skipta við Airbnb verið um 1.700.000 að verðmæti 14,7 milljarðar. Mun það hafa verið aukning á tímabilinu en gistinætur á stöðum sem skipta við Airbnb voru um 11,8 milljarðar árið 2016. ■

Óánægja með samgöngur í Urriðaholtinu

kristinnhaukur@frettabladid.is

GARÐABÆR Um 170 íbúar Urriðaholts rituðu nafn sitt á undirskriftalista á netinu þar sem krafist var að samgöngur hverfisins yrðu bættar. Einu gatnamótin sem leiða umferð inn í hverfið eru varasöm og varð banaslys þar á dögunum, en næstu undirgöng undir Reykjanesbrautina eru hjá Vífilsstöðum.

Eldri börn þurfa að sækja skóla og frístundir í öðrum hverfum og þurfa foreldrar því að senda börnin yfir háskaleg gatnamót eða keyra þau úr hverfinu, sem er yfirlýst umhverfisvænt hverfi. Fyrir vikið hafa íbúar lýst því yfir að þeir ætli að flytjast úr hverfinu vegna skorts á samgöngum. ■ – SJÁ SÍÐU 6

Breyttar og rýmri reglur tóku gildi

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í dag mega koma saman 300 manns í stað 150 áður en breyttar reglur um sóttvarnir tóku gildi á miðnætti. Reglurnar gilda til og með 29. júní næstkomandi.

Frá og með deginum í dag er nándarregla einn metri í stað tveggja áður og opnunartími veitingastaða hefur lengst um klukkustund, eða til miðnættis. Allir gestir skulu hafa yfirgefið staðinn fyrir klukkan 01.00.

Ekki er lengur grímuskylda á íþróttaviðburðum. Úrslitaeinvígið í handbolta hefst í kvöld á Hlíðarenda.

Á sitjandi viðburðum, svo sem í leikhúsi, athöfnum í trú- og lífsskoðunarfélögum, á íþróttaviðburðum og ráðstefnum, er ekki lengur grímuskylda og að hámarki mega vera 300 manns í hverju sóttvarnahólfi.

Þannig geta um 900 manns mætt á leik Vals og Hauka í úrslitaeinvíginu í handbolta en enn fleiri á vináttulandsleik Íslands og Írlands á Laugardalsvelli, enda hægt að hólfaskipta þjóðarleikvangnum nokkuð vel. ■

Gamla kennslustofan tekin í notkun á ný

Sjötíu árum eftir að skólahaldi lauk í Viðey er skóli settur á ný á eyjunni í Kollafirði. Borgarsögusafn heldur úti námskeiði fyrir 7–9 ára börn þar sem þau fá að kynnast því að nema land og upplifa sögu og náttúru eyjunnar, innan gamla skólahússins og í náttúruparadísinni sem Viðey er. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikill áhugi á læknanámi hérlendis

birnadrofn@frettabladid.is

MENNTAMÁL Í síðustu viku þreyttu 333 einstaklingar inntökupróf í læknisfræði við Háskóla Íslands, sem er svipuð tala og undanfarin ár en fækkar þó um ellefu síðan í fyrra. Þá tóku 82 einstaklingar inntökupróf í sjúkraþjálfun, eða sautján færri en í fyrra.

Engilbert Sigurðsson, deildarforseti læknadeildar HÍ, segir að þrátt fyrir fækkun á milli ára sé gríðarlegur áhugi á því að komast inn í læknanám hér á landi. „Áhuginn fer ekki minnkandi og við erum að fá 300–400 umsóknir á hverju ári.“

Í skýrslu um sérfræðinám lækna og framtíðarmönnun, sem gefin var út af heilbrigðisráðuneytinu í maí í fyrra, segir að því miður hafi læknaskortur háð „íslenskri heilsugæslu um árabil, ekki síst í dreifbýli.“ Í ár verða 60 nemendur teknir inn í læknisfræði en frá árinu 2016 hefur nemendum verið fjölgað úr 48 nemendum í 60 og segir Engilbert deildina ekki ráða við að taka við fleirum.

Engilbert Sigurðsson, deildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands.

Hann segir læknum hérlendis þó fara fjölgandi enda fari stór hópur erlendis í nám. Aðspurður segir hann þá lækna flesta skila sér heim að námi loknu. „Í vikunni hittum við þau sem eru að útskrifast úr læknanámi hérlendis og erlendis og eru að koma til starfa hér á landi, 50 voru að útskrifast frá Íslandi og 35 frá öðrum löndum.“ ■

LungA stefnir á hátíð í bæ án mikilla takmarkana

Stefnt var að því að halda 20 ára afmæli listahátíðarinnar LungA með pomp og prakt á síðasta ári en heimsfaraldurinn setti þar strik í reikninginn. Hátíðin verður haldin með breyttu sniði í ár og áhuginn er mikill, hundruð miða seldust áður en dagskráin var kynnt.

birnadrofn@frettabladid.is

AUSTURLAND „Á tímabili vorum við hrædd um að hátíðin myndi syngja sitt síðasta sökum heimsfaraldurs og að LungA myndi láta 20 ár nægja, en það virðist ekki ætla að fara þannig, sem betur fer,“ segir Björt Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri LungA. Listahátíðin LungA á Seyðisfirði fór fyrst fram árið 2000 og var stefnt á stóra afmælishátíð á síðasta ári en þar setti heimsfaraldurinn strik í reikninginn og hátíðinni var aflýst.

„Það verður ekki formlegur afmælisfögnuður í ár þar sem undirbúningstímabilið var einfaldlega of stutt en þó verða hátíðlegir dagskrárliðir sem taka mið af því að verið sé að fagna síðustu tuttugu árum ásamt því að gefin verður út afmælisbók LungA,“ segir Björt. Á hátíðinni, sem fram fer dagana 15. til 17. júlí, koma fram stór nöfn í tónlistarheiminum, líkt og Gus Gus og Vök, ásamt því að haldnar verða listasmiðjur og boðið upp á fjöldann allan af listviðburðum.

„Hátíðin fer fram með breyttu sniði vegna faraldursins og sóttvarnareglna,“ segir Björt. „Helstu breytingarnar eru þær að hátíðin er styttri, tónleikarnir verða á öðrum stað en vanalega og að ekki verður boðið upp á fullt fæði og gistingu fyrir þá sem taka þátt í listasmiðjunum eins og venja er. Ég held að fólk sé ekki tilbúið í slíka nálægð og við erum ekki tilbúin að taka slíka ábyrgð,“ bætir hún við.

Þegar mest hefur verið hafa gestir á LungA verið allt að 3.000 manns. MYND/AÐSEND

Ég held að fólk sé ekki tilbúið í slíka nálægð og við erum ekki tilbúin að taka slíka ábyrgð.

Björt Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri LungA.

Seyðisfjörður hefur verið mikið í umræðunni undanfarið ár en aurskriður féllu á bæinn í desember á síðasta ári. Björt segist hafa fundið mikinn samhug til bæjarins og að greinilegt sé að mikill áhugi sé hjá landsmönnum að sækja bæinn heim.

„Við seldum hundruð miða áður en við tilkynntum dagskrá hátíðarinnar svo áhuginn er mikill,“ segir Björt. „Það er alveg frábært að upplifa þennan stuðning og þennan áhuga, það veitir okkur byr undir báða vængi til að halda áfram.“

Björt segist vongóð um að þegar hátíðin fari fram verði engar samkomutakmarkanir við lýði en samkvæmt upplýsingum á vef Stjórnarráðsins er stefnt að því að 75 prósent þjóðarinnar hafi fengið fyrri sprautu bólusetningar í síðari hluta júní og þá verði öllum takmörkunum innanlands aflétt.

„Við byrjum á því að selja nokkur hundruð miða og svo bætum við í en við förum ekki mjög langt yfir 1.000 miða,“ segir Björt en þegar mest hefur látið hafa verið um 3.000 manns á LungA. „Bæði faraldurinn og aurskriðurnar eru áskoranir sem hafa kennt okkur margt og það getur verið gott að endurhugsa og endurnýja hlutina reglulega. Við erum þakklát fyrir það hvernig LungA breytist og þróast með þessum áskorunum,“ segir Björt. ■

Kraftmikið, langdrægt og tæknilega fullkomið rafhlaupahjól frá enox®

Verð aðeins

39.900 kr

Umhverfisvænt - 300W
25 km hraði - Drægni 22-28 km

Hlaupahjól ENOX ES200

Þrjár hraðastillingar - Ræsing með lykli - Auðvelt að hækka og lækka stýrið - Rafmagsgjöf í handfangi - Brjóta má stýrið saman með tveimur smellum - Framljós, afturljós og bremsuljós - Flauta
Hámarksþyngd notanda 100 kg - Lithium rafhlaða 36V/7,8Ah
LCD skjár fyrir hraða, rafhlöðustöðu og gíra
Fjöðrun að framan og aftan. **3903102**

HÚSASMIÐJAN FYRIR ÞIG

enox® enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Fáanlegt í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og á husa.is

Vilja verða arftakar Gunnars Braga innan Miðflokksins

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Una María Óskarsdóttir og Guðmundur Helgi Víglundsson eru meðal þeirra sem sækjast eftir að leiða lista Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í september. Framboðsfrestur rann út í gær.

Einar Baldursson, formaður uppstillingarnefndar, segir að nefndin muni taka sér um það bil viku í verkið. Einnig að nokkrir hafi gefið kost á sér í fyrsta sætið, án þess að fara nánar út í þann fjölda.

„Ég brenn fyrir því að styrkja iðnaðinn í landinu. Hann á undir högg að sækja," segir Guðmundur, sem er véltæknifræðingur að mennt og rak Vélsmiðju Orms & Víglundar í Hafnarfirði um langt skeið. „Mín skoðun er sú að iðnaðurinn sé sú grein sem

Guðmundur Helgi Víglundsson, véltæknifræðingur.

muni koma fótunum aftur undir okkur eftir faraldurinn."

Gunnar Bragi Sveinsson, núverandi oddviti, tilkynnti það í lok maí að hann hygðist ekki gefa kost á sér. Rúmum tveimur vikum fyrr hafði Una María Óskarsdóttir varaþingmaður tilkynnt að hún hygðist gefa kost á sér í 1.-2. sætið á listanum. Una er uppeldis-, menntunar- og lýðheilsufræðingur og á að baki langan starfsferil innan fjögurra ráðuneyta.

Miðflokkurinn fékk rúmlega 5 þúsund atkvæði í kosningunum árið 2017, eða 9,5 prósent. Hafnaði flokkurinn sem fjórði stærsti flokkurinn í kjördæminu. Fylgi flokksins var mjög misjafnt í sveitarstjórnarkosningunum árið eftir. Fékk hann fulltrúa kjörna í Hafnarfirði og Mosfellsbæ en ekki í Kópavogi og Garðabæ. ■

Tónelskandi Ölfusbúar þurfa að sætta sig við bið. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**

Langur biðlisti í tónlistarnám

kristinnpall@frettabladid.is

ÖLFUS „Þetta sýnir mikilvægi þess að finna farsæla langtímalausn til að hlúa vel að tónlistar- og menningarlífinu í sveitarfélaginu," segir Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs Ölfuss. Á fundi bæjarráðs fyrir helgi var tekin fyrir beiðni um viðbótarframlög til að bregðast við auknum áhuga íbúa á tónlistarnámi. Nú eru 26 á biðlista.

Sambærileg beiðni barst undir lok síðasta árs og líkt og í fyrra ákvað bæjarráð að fela sviðsstjóra að vinna minnisblað um biðlistann til þess að hægt væri að taka upplýsta ákvörðun. ■

Landsbankinn varar við fölskum SMS-skilaboðum

benediktboas@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Landsbankinn sendi frá sér tilkynningu í gær vegna falskra SMS-skilaboða sem send hafa verið í nafni bankans. Í skilaboðunum, sem eru á ensku, er viðtakendum beint á hlekk sem vísar yfir á falska vefsíðu sem líkist innskráningarsíðu í netbanka Landsbankans.

Bankinn biðlar til þeirra sem fá téð SMS að smella ekki á hlekkinn. ■

Fimm hundruð frumvörp samþykkt

Auk 419 stjórnarfrumvarpa fóru 25 þingmannafrumvörp í gegn á kjörtímabilinu. Langflest frá þingmönnum meirihlutans. Miðflokkurinn fékk ekkert frumvarp í gegn, einn flokka. Ræðukóngur kjörtímabilsins kom hins vegar úr þeim flokki, Birgir Þórarinsson.

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Alls hafa 495 lagafrumvörp verið samþykkt á þessu kjörtímabili. Þar af eru 419 stjórnarfrumvörp, 51 frá nefndum þingsins og 25 frá þingmönnum, svokölluð þingmannamál. Tæplega 60 mál tengdust faraldrinum sérstaklega.

Athygli vekur að langflest samþykkt þingmannafrumvörp á kjörtímabilinu komu frá þingmönnum stjórnarmeirihlutans, eða samtals nítján frumvörp. Tíu þeirra frá þingmönnum Vinstri grænna. Þar ber hæst ný kosningalöggjöf Steingríms J. Sigfússonar. Þá var Katrín Jakobsdóttir fyrsti flutningsmaður frumvarps frá formönnum flokkanna um breytingar á lögum um fjármál stjórnmálaflokka.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk sjö frumvörp samþykkt. Tvö þeirra frá Vilhjálmi Árnasyni um annars vegar ættleiðingar og hins vegar um rétt barna til ráðgjafar vegna alvarlegra veikinda foreldris. Silja Dögg Gunnarsdóttir var eini þingmaður Framsóknarflokksins sem náði þingmannafrumvarpi gegnum þingið og ekki aðeins einu heldur tveimur; annars vegar um ætlað samþykki til líffæragjafar og hins vegar um sérstakan barnalífeyri.

Viðreisn fékk þrjú frumvörp samþykkt, þar á meðal breytingar á nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga og bætt aðgengi að sálfræðiþjónustu. Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, fékk samþykktar lagabreytingar um leiðsöguhunda og Helga Vala

Utanríkisráðherra mælti fyrir þingmáli um þriðja orkupakkann vorið 2019. Við tók mjög löng törn hjá þingmönnum Miðflokksins. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Samþykkt þingmál á kjörtímabilinu

	Alls	Frá ríkisstjórn	Frá þingnefnd	Frá þingmanni
Samþykkt frumvörp	495	419	51	25
Samþykktar ályktanir	160	110	18	32

Helgadóttir náði fram einni lagabreytingu af hálfu Samfylkingarinnar, um jafnan rétt foreldra til að höfða faðernismál. Píratar fengu eitt frumvarp samþykkt, mál Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur um tollfrelsi tíðavara og getnaðarvarna.

Þingmenn Miðflokksins fengu ekkert frumvarp samþykkt á kjörtímabilinu en áttu hins vegar ræðukóng þess, Birgi Þórarinsson, sem talaði lengst allra þingmanna. Miðflokksmenn eiga líka heiðurinn af lengstu umræðu kjörtímabilsins. Hún var um þriðja orkupakkann og tók 147 klukkustundir.

Á kjörtímabilinu svöruðu ráðherrar ríkisstjórnarinnar og forseti þingsins 1.524 fyrirspurnum frá þingmönnum. Fyrirspurnir sem uppi döguðu milli þinga eða var ekki svarað voru alls 136. Alls var 69 fyrirspurnum nýliðins þingvetrar enn ósvarað þegar þingi var frestað um helgina.

Samkvæmt þingskapalögum skal miða við að ráðherra hafi tvær vikur til að svara fyrirspurnum, þessi viðmiðunartími er þó alls ekki alltaf virtur. Ein elsta ósvaraða fyrirspurnin frá nýloknu þingi er frá Þorsteini Sæmundssyni um ofanflóðasjóð. Hún var lögð fram 4. febrúar, eða fyrir rúmum fjórum mánuðum.

Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Alþingis, segir starfslið þingsins alls ekki komið í frí þótt fundum þess hafi verið frestað.

„Hér er starfsemi allt árið nema kannski yfir helsta sumarleyfistímann," segir Ragna. Aðspurð segir hún aðstæðurnar verið krefjandi þetta kjörtímabil vegna faraldursins. „Ég þekki þingið eiginlega betur í sóttvarnaástandi heldur en hitt, var búin að vera í hálft ár þegar faraldurinn reið yfir," segir Ragna sem hóf störf í þinginu haustið 2019. Hún hlakkar til að kynnast þinginu í venjulegu árferði en faraldurinn hafi þó kennt starfsliði þingsins margt og sumt af nýju verklagi verði ekki snúið til baka með.

„Þingið hefur eflst mikið síðan ég vann þar á síðustu öld, en alveg merkilega margir hlutir sem ekki hafa breyst, og mega þó sumir hlutir alveg breytast," segir Ragna, sem starfaði á nefndasviði þingsins um árabil. Stofnunin sé eðlilega íhaldssöm en þar leynist þó líka jarðvegur fyrir ýmsar umbætur. Nýbygging Alþingis verður tekin í notkun árið 2023 og í því felast einnig tækifæri til umbóta segir Ragna. Þar verði „hægt að nýta tækni og rými til fulls samkvæmt þörfum þingsins." ■

> **Þingið hefur mikið eflst síðan ég vann þar á síðustu öld en merkilega margir hlutir sem ekki hafa breyst.**

Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Alþingis.

Hlutafjárútboði lýkur í dag

Útboðið stendur til klukkan 12:00

Almennu hlutafjárútboði Íslandsbanka lýkur í dag, þriðjudaginn 15. júní kl. 12.00.

Íslandsbanki hefur birt lýsingu í tengslum við útboðið. Lýsinguna má nálgast rafrænt á útboðsvef bankans, islandsbanki.is/utbod, í 10 ár eftir birtingu hennar. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér vel innihald lýsingarinnar áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin, þ.á m. skilmála útboðsins og umfjöllun um áhættuþætti.

Um er að ræða almennt hlutafjárútboð sem nær til að hámarki 35% af útgefnu og útistandandi hlutafé Íslandsbanka hf., af hálfu Bankasýslu ríkisins fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands.

Tvær leiðir eru í boði fyrir fjárfesta, áskriftarleið A og áskriftarleið B, sem eru ólíkar er varðar stærð tilboða og úthlutun.

Tekið verður við tilboðum á útboðstímabilinu í gegnum útboðsvef Íslandsbanka, islandsbanki.is/utbod.

	Helstu skilmálar hlutafjárútboðs
Frumútboð Íslandsbanka	Útboðið fer fram annars vegar með almennu útboði á hlutabréfum til fagfjárfesta og almennra fjárfesta á Íslandi og hins vegar lokuðu útboði til tiltekinna fagfjárfesta erlendis.
Útboðstímabil	Móttaka tilboða hófst kl. 9:00 þann 7. júní og lýkur kl. 12:00 þann 15. júní. Tilboð eru skuldbindandi en þátttakendur geta afturkallað tilboð og/eða, eftir atvikum, lagt fram nýtt tilboð innan útboðstímabilsins.
Stærð útboðs	Útboðið nær til allt að 636.363.630 af útgefnum hlutum í Íslandsbanka hf. Til að mæta umfram-eftirspurn í útboðinu hefur seljandi veitt söluráðgjöfum rétt til að kaupa 63.636.363 hluti til viðbótar, sem eru ígildi 10% af útboðshlutunum.
Útboðsgengi	Þátttakendur geta lagt inn tilboð fyrir hlutum á bilinu kr. 71 til kr. 79 á hlut. Endanlegt útboðsgengi mun ráðast af lægsta samþykkta tilboði innan bilsins. Umsjónaraðilar útboðsins hafa ráðlagt leiðbeinandi lokaverð fyrir útboðið sem nemur 79 kr. á hvern hlut og líkur eru á að lægri tilboð verði ekki samþykkt.
Stærð tilboða	Áskriftarleið A: Tilboð á bilinu kr. 50.000 til og með kr. 75.000.000. Áskriftarleið B: Tilboð að fjárhæð yfir kr. 75.000.000.
Sértækar reglur um úthlutun	Horft verður til viðmiða út frá lögum nr. 155/2012, lögum nr. 88/2009, eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, ákvörðunar ráðherra frá 29. janúar 2021 sem og viðskiptavenja um úthlutun í alþjóðlegum fagfjárfestaútboðum. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skráningarlýsingu í kaflanum „Terms and conditions of the offering". Áskriftarleið A: Leitast verður eftir því að tilboð að fjárhæð kr. 1.000.000 eða lægri verði ekki skert.
Greiðsla og afhending hluta	Stefnt er að afhendingu hluta í síðasta lagi tveimur virkum dögum eftir móttöku greiðslu vegna hverrar einstakrar áskriftar. 16. júní Úthlutun tilkynnt og greiðsluseðlar aðgengilegir í netbanka 21. júní Eindagi greiðsluseðla 22. júní Áætlaður fyrsti viðskiptadagur

Íslandsbanki er að fullu í eigu íslenska ríkisins en Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í bankanum skv. lögum nr. 88/2009. Bankasýsla ríkisins lagði fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka í desember 2020. Ráðherra lagði í framhaldinu minnisblað fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis líkt og lög nr. 155/2012 gera ráð fyrir. Að undangengnum umsögnum nefndanna ákvað ráðherra í lok janúar 2021 að hefja sölumeðferð, sem endurspeglaði viðmið nefndanna, og Bankasýsla ríkisins hefur haft umsjón með skv. ákvæðum laga nr. 155/2012. Í lok hlutafjárútboðs mun Bankasýsla ríkisins skila rökstuddu mati á áskriftum til ráðherra sem tekur lokaákvörðun, sbr. lög nr. 155/2012.

Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiðar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Íslandsbanka hf.

440-4000
verdbref@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/utbod

Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiðar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf.

440-4000
ipo@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/utbod



Kína stefnir á að verða stórveldi í geimferðum árið 2030. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kína undirbýr mannað geimskot

arnartomas@frettabladid.is

KÍNA Á næstu dögum stefna Kínverjar á að skjóta mönnuðu geimfari upp frá Góbí-eyðimörkinni. Það verður fyrsta mannaða geimferð Kínverja síðan 2016.

Geimskotið er þriðja skref af ellefu sem þarf til að ljúka fyrirhugaðri geimstöð Kínverja fyrir 2022. Af þeim verða fjögur geimskot mönnuð.

Stefnt er á að geimfararnir verði á sporbaug um jörðu í þrjá mánuði.

Stefnt er á að geimfararnir verði á sporbaug um jörðu í þrjá mánuði, sem er næstum þrisvar sinnum lengri dvöl en í geimferðinni árið 2016.

Þar sem bandarísk lög banna NASA að hafa nokkur afskipti af Kína hafa engir kínverskir geimfarar stigið um borð í Alþjóðlegu geimstöðinni. Kínverjar hafa undanfarið sótt í sig veðrið í geimskotum og urðu í maí önnur þjóðin til að lenda jeppa á Mars. ■

Aung San Suu Kyi er 75 ára gömul.

Réttarhöld yfir San Suu Kyi hafin

arnartomas@frettabladid.is

MJANMAR Réttarhöld herstjórnarinnar í Mjanmar yfir Aung San Suu Kyi, leiðtoga landsins, sem steypt var af stóli, hófust í gær. Réttarhöldin hafa tafist í nokkra mánuði vegna mótmæla sem brutust út í kjölfar valdaránsins í byrjun febrúar. Þar eru löggæslusveitir taldar hafa drepið yfir 800 manns.

San Suu Kyi, sem hefur verið í stofufangelsi frá því að valdaránið átti sér stað, er meðal annars sökuð um að hafa átt talstöðvar í leyfisleysi og að hafa brotið gegn sóttvarnaráðstöfunum vegna Covid-19. Réttarhöldin eru lokuð og verða engir blaðamenn viðstaddir þau.

Fjöldi mannréttindahópa hefur fordæmt réttarhöldin sem tilraun til að koma í veg fyrir að San Suu Kyi geti boðið sig fram í kosningum í Mjanmar í framtíðinni. ■

Fljúgandi furðuhlutir eiga sér alltaf skýringar

urduryrr@frettabladid.is

GEIMVÍSINDI „Það er ekki skrítið að ekki sé til skrá yfir fljúgandi furðuhluti á Íslandi. Ástæðan er einfaldlega sú að sárasjaldan sést eitthvað eða verður vart við eitthvað sem ekki fást nægar skýringar á," segir Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjörnu-Sævar. „Við höfum aldrei verið betur búin myndavélum en aldrei sést neitt sem ekki er hægt að skýra."

Sævar Helgi vísar vangaveltum um fljúgandi furðuhluti á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Sævar segist fá aragrúa af ljósmyndum og fyrirspurnum á hverju ári um fyrirbæri á himni. „Nánast alltaf tekst að útskýra og þá reynist um að ræða stjörnuhröp, flugvélar, gervitungl, ljósluktir og jafnvel bjartar reikistjörnur eða stjörnur sem fólk þekkir ekki," segir hann.

Sævar segir það vera skiljanlegt að Bandaríkjaher skuli sýna óútskýrðum fyrirbærum á himni áhuga, enda falli það í þeirra hlut að gæta lofthelgi landsins. En Sævar telur myndefnið sem sjóher Bandaríkjanna gerði opinbert á dögunum ekki gefa til kynna yfirnáttúruleg fyrirbæri.

„Ég vildi innilega óska þess að fljúgandi furðuhlutir væru í raun heimsóknir frá öðrum hnöttum," segir Sævar.

„Hef bara alltaf orðið fyrir vonbrigðum þegar það eina sem boðið er upp á er óskýrt og lélegt myndefni sem á sér á endanum alltaf jarðneskar skýringar." ■

Fólk ákveðið að flytja úr Urriðaholti vegna skorts á samgönguleiðum

Þó að Urriðaholtshverfið í Garðabæ sé skilgreint sem umhverfisvænt hverfi hafa foreldrar séð sig knúna til þess að skutla börnum sínum í skóla og frístundir. Strætisvagnaferðir eru bágbornar og eina leiðin út úr hverfinu er yfir stór gatnamót þar sem nýlega varð banaslys.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Urriðaholtið hefur byggst hratt upp en samgöngurnar inn og út úr hverfinu þykja bágbornar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

GARÐABÆR Rúmlega 170 íbúar í Urriðaholtshverfi í Garðabæ hafa skrifað undir undirskriftalista á netinu til að krefjast betri samgangna. Lýtur krafan bæði að strætisvagnaferðum og göngu- og hjólastígum inn og út úr hverfinu. Dæmi eru um að íbúar hafi lýst yfir áformum um að flytja burt vegna þessa.

„Eina leiðin til að komast inn í Garðabæ er yfir þessi gatnamót hjá Kauptúni," segir Heiðrún Sigurðardóttir, sem stóð að söfnuninni. „Það eru engin undirgöng undir Reykjanesbrautina nema langt í burtu, hjá Vífilsstöðum."

Urriðaholt hefur byggst mjög hratt upp. Búa þar nú meira en tvö þúsund manns í hverfinu en fullbyggt mun það hýsa hátt í fimm þúsund. Urriðaholtsskóli tók til starfa fyrir tveimur árum fyrir 1. til 4. bekk, en bætir við bekk á hverju ári og hafði því allt upp í 6. bekk í vetur.

Eldri nemendur eru flestir í Garðaskóla en sumir í Sjálandsskóla. Þessir nemendur þurfa að fara langa leið og yfir hættuleg gatnamót til þess að komast í skóla og frístundir, sem eru engar í Urriðaholti sem stendur.

Heiðrún segir slæmt að eina leiðin sé yfir þessi gatnamót. „Fólk keyrir alveg brjálæðislega hratt þarna. Ekki aðeins á gatnamótunum sjálfum heldur einnig í Hraununum hinum megin við þau," segir hún og bendir á að nýlega hafi orðið banaslys þarna. En í febrúar síðastliðnum varð gangandi vegfarandi á áttræðisaldri fyrir bíl og lést.

Strætisvagn keyrir aðeins í hverfið á háannatímum, á morgnana og síðdegis, og þá á hálftíma fresti. Þess á milli eru ferðir á klukkutíma fresti og aðeins ef vagninn er pantaður með hálftíma fyrirvara. Sá vagn fer aðeins inn í Ásgarð. Vilja íbúarnir fá reglulegri og betri strætisvagnaferðir inn í hverfið.

Fólk keyrir alveg brjálæðislega hratt þarna.

Heiðrún Sigurðardóttir, íbúi í Urriðaholti.

Samkvæmt bréfi Heiðrúnar sem hún sendi til bæjarstjórnar Garðabæjar kemur fram að margir foreldrar þori ekki annað en að skutla börnum sínum í skóla eða frístundir. Skjóti það skökku við í hverfi sem er skilgreint fyrsta umhverfisvæna hverfi landsins.

Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi og fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó, segir að tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti hafi verið í vinnslu hjá Garðabæ á undanförnum mánuðum, í samvinnu við Strætó. „Í skipulagi er gert ráð fyrir að Strætó aki hring um Urriðaholtið og hefur það verið í skoðun um tíma hvernig best verður að útfæra þjónustu almenningssamgangna í hverfinu," segir hann.

Að sögn Gunnars hefur pöntunarkerfið verið þróunarverkefni til að kanna nýtingu til eins árs. Nú þegar verkefnið hafi verið í gangi í níu mánuði hafi Garðabær óskað eftir því að Strætó skoði möguleikann á því að lengja leiðina til að hún þjóni einnig fjölnota íþróttahúsi sem verið sé að byggja í Vetrarmýri.

Aðspurður um stíga segir Gunnar þá verða bætta. „Í gangi er vinna við að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir göngu- og hjólastíg úr Urriðaholti yfir á Vífilsstaði sem breyta mun miklu fyrir íbúa í Urriðaholti, einkum varðandi aðgengi að fjölnota íþróttahúsinu sem í byggingu er í Vetrarmýri," segir hann. Nýr útivistarstígur yfir Garðahraun sé kominn í útboð sem muni bæta tengingu Urriðaholts við Ásgarð fyrir gangandi og hjólandi. Þá sé einnig unnið að því að bæta umferðaröryggi yfir gatnamótin við Kauptún. ■

Yngri kynslóðirnar sváfu yfir sig í bólusetningu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Tæplega 40 þúsund einstaklingar verða bólusettir hér á landi gegn Covid-19 í þessari viku með fjórum tegundum bóluefna.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir bólusetningar vikunnar fara vel af stað.

Á höfuðborgarsvæðinu fá um 25 þúsund manns bólusetningu í vikunni og með því heldur góður gangur Íslands í bólusetningum áfram. „Það er ótrúleg tilfinning að finna þennan samhug og gleði sem ríkir hérna. Það ætla einhvern veginn allir að láta þetta ganga saman," segir hún.

Þrír fjórðu Íslendinga yfir sextán ára aldur höfðu fengið að minnsta kosti eina sprautu eða voru með mótefni fyrir helgi.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Hún segir að mætingin í gærmorgun hafi verið heldur dræm en að allt það bóluefni sem gert sé ráð fyrir að nota verði notað. „Við förum áfram í samdægursboðanir," segir hún.

Aðspurð um hvort fólk veigri sér við að fá bóluefni frá Janssen segist hún ekki hafa orðið vör við það.

„Ég held að þetta sé frekar það að við erum komin í yngri kynslóðir og þau voru svolítið sein að vakna í morgun," segir Ragnheiður um stöðu mála. ■

hetanker

SÆTI ;)

HET-ANKER
NÝ SENDING

VORUM AÐ FÁ Í HÚS NÝJA SENDINGU FRÁ **HET-ANKER**, BEINT FRÁ HOLLANDI.
FULL BÚÐ AF SÓFUM OG STÓLUM SEM GERA HEIMILIÐ ÞITT EINSTAKLEGA SÆTT.

KOMDU OG FÁÐU ÞÉR SÆTI ;)

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Hinir útskúfuðu

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Ég er kona.

Ég hef upplifað kynferðislega áreitni af hálfu karla í mínum innsta hring.

Ég hef upplifað að aðili, sem ég var í nánu sambandi við, fór yfir mörk mín.

Ég hef upplifað bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi í nánu sambandi.

Ég er kona með rödd og vald sem sannast best á því að þú, líklega án þess að þekkja mig, ert nú að lesa vangaveltur mínar.

Af þessum ástæðum tel ég mig mega segja það sem ég ætla að segja. Og í raun tel ég mig knúna til þess. Vitandi að ólíklegt sé að á veraldarvefnum muni þessi pistill hrúga að sér „lækum“, og mögulega skrifi ég hér með undir vist mína meðal hinna útskúfuðu.

Undanfarnar vikur hefur önnur bylgja #metoo-byltingarinnar haft víðtæk áhrif á samfélagið. Fólk sem sakað hefur verið um ofbeldi, markaleysi og gerendameðvirkni hefur ekki verið tekið neinum vettlingatökum á samfélagsmiðlum og menn keppst við að biðjast forláts á hegðun sinni, orðum sínum eða stuðningi sínum við meinta gerendur.

Tilgangur umræðunnar er að vekja athygli á og uppræta kynbundið ofbeldi og öll erum við sammála um að þar sé engin vanþörf á. Konur sem eru orðnar langþreyttar á að ofbeldi viðgangist enn í svo ríkum mæli og hversu erfitt reynist að fá réttláta málsmeðferð í dómskerfinu láta í sér heyra. Of lítið hefur breyst frá síðustu bylgju.

En helgar tilgangurinn meðalið? Er rétt að leikmenn taki á samfélagsmiðlum ákvarðanir um réttmætar afleiðingar meintra gjörða? Viljum við að með ásökun einni sé aðilum refsað með útskúfun? Er þetta rétta leiðin?

Ég segi nei og finnst við verða að spyrja okkur eðlilegra spurninga er þetta varðar. Við verðum að eiga samtalið og það má ekki bara vera í eina átt. „Cancel culture“, sem þýða má sem útskúfunarmenningu, hefur komist í hámæli undanfarið. Hugtakið er notað um þá leið að ýta aðilum, sem þykja hafa talað eða hagað sér á umdeildan hátt, út úr félagslegum eða faglegum hópum. Útfærslan getur verið margvísleg, allt frá því að fylgja viðkomandi ekki á samfélagsmiðlum að því að kaupa ekki afurðir eða mæta ekki á viðburði. Þó að vissulega sé öllum frjálst að nýta val sitt til að koma skoðunum sínum á framfæri er slík útskúfun aðeins einn angi máls.

Aðili sem búið er að „kanselera“ eða útskúfa á þann hátt er enn hluti samfélags okkar og verður að líkindum áfram. Þess vegna þurfum við að eiga samtalið og spyrja okkur hvert markmiðið sé og hvert við ætlum héðan.

Og nei, ég er ekki haldin gerendameðvirkni. Ég er aftur á móti skíthrædd við útskúfun án samtals og þá staðreynd að við, sem hugsandi fólk, þorum ekki lengur að tjá okkur af ótta við eilífðarvist meðal hinna útskúfuðu. ■

> Aðili sem búið er að „kanselera“ eða útskúfa á þann hátt er enn hluti samfélags okkar og verður að líkindum áfram. Þess vegna þurfum við að eiga samtalið og spyrja okkur hvert markmiðið sé og hvert við ætlum héðan.

Halldór

Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Geldingamúrinn
Yfirvöld hafa ákveðið að byggja vegg á syðri landamærum Íslands, verður hann nokkuð minni en þessi sem átti að rísa við landamæri Mexíkó enda á hann að koma í veg fyrir að hraun renni yfir Suðurstrandarveg. Geldingamúrinn mun líklega endast jafn stutt og sá síðasti þar sem nokkrar Hallgrímskirkjur af hrauni koma upp úr holunni á hverjum degi. Næsta skref er að byggja C-laga brú sem nær út í sjó. Ef það dugar ekki þarf líklega að gera göng á milli Grindavíkur og Vestmannaeyja.

(Höst)
Sólbrúnn en húmorslítill lögmaður misskildi mola sem birtist á þessum vettvangi í síðustu viku, svo rækilega að staksteinar köstuðust úr glerhúsi. Sagði hann að vegið væri illa að Arnari Þór Jónssyni, væntanlegum varaþingmanni í Kraganum, og verið væri að skamma hann fyrir hressar skoðanir. Brandarar verða aldrei fyndnir við útskýringu en það er greinilega þörf á því nú. (Ræsk). Sko. Vinstrimenn fögnuðu því að Brynjar Níelsson og Sigríður Andersen væru á útleið, en þau hafa hrellt vinstrimenn lengi. Það var ekki tilefni til að fagna því að næsta hrollvekja þeirra (vinstrimanna, skilurðu) er handan við hornið í líki Arnars Þórs (þess mæta manns). ■

Hjólin snúast áfram

Katrín Atladóttir
formaður stýrihóps um Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021–2025.

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 verður lögð fram í borgarstjórn í dag. Árið 2009, þegar fyrsta hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var gerð, var hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum 2%. Tíu árum síðar var hlutdeildin 7%. Með því að setja okkur markmið, búa til áætlanir og framfylgja þeim með framkvæmdum getum við náð stórkostlegum árangri.

Fyrsta markmið nýrrar hjólreiðaáætlunar er að hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum verði a.m.k. 10% árið 2025. Það þýðir ekki að 10% íbúa eigi að fara allra sinna ferða á hjóli, heldur að fólk geti valið um að ferðast með þeim hætti sem hentar hverju sinni. Kannanir sýna að mun fleiri vilja hjóla en gera það í raun. Þess vegna þarf að gera enn betur í uppbyggingu innviða fyrir hjól, svo fólk hafi raunverulegt val um að velja hjólið, hvort sem það er reiðhjól eða hlaupahjól, þegar það hentar best.

Annað markmiðið er að bæta innviði og gera hjólreiðar sýnilegri. Aukning síðustu ára og reynsla erlendis sýnir að með bættum innviðum fjölgar þeim sem hjóla. Þegar fleiri hjóla, þá eykst öryggi þeirra. Við ætlum að setja fimm milljarða í uppbyggingu hjólainnviða á tímabilinu. Lengd sérstakra hjólastíga í dag í Reykjavík eru 32 km en við stefnum á að þeir verði 50 km árið 2025 og 100 km árið 2030.

Þriðja markmiðið er að bæta þjónustu við stíga. Vetraraðstæður geta verið erfiðar í Reykjavík og þess vegna þarf þjónusta við stígana að vera framúrskarandi og áreiðanleg. Auk þess þarf að bæta viðhald og þjónustu við stíga allt árið.

Fjórða markmiðið er hjólamenning. Fólk á að geta litið til hjólsins þegar kemur að því að velja sér fararmáta. Reykjavík stefnir á að verða hjólaborg á heimsmælikvarða því betri hjólaborg eykur lífsgæði allra borgarbúa. Hjólreiðar eru hagkvæmur, heilsusamlegur og skemmtilegur ferðamáti. Loftgæði verða betri, íbúar verða heilsuhraustari og tafir í bílaumferð verða minni. Hjólreiðar eru hamingjuríkasti ferðamátinn.

Gleðilegt hjól! ■

> Hjólreiðar eru hamingjuríkasti ferðamátinn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Rétturinn til að hafna vinnu

Halldór Auðar Svansson
er í 3. sæti á lista Pírata í Reykjavíkurkjördæmi suður í alþingiskosningum í haust.

Ein af stærstu áskorunum í því að ná okkur eftir Covid-faraldurinn er aukið og langvarandi atvinnuleysi. Þrátt fyrir að mikilvægt sé að vinna bug á atvinnuleysinu þá er líka ástæða til að vara við þeim þankagangi að það skipti eiginlega engu máli hvernig leysist úr atvinnuleysinu, svo lengi sem það gerist hratt.

Orðræðan um vanþakklátu atvinnuleysingjana

Nokkuð hefur borið á orðræðu um hvað það sé mikið vandamál að sumt fólk sem er á atvinnuleysisskrá gerist það rosalega vanþakklátt að hreinlega hafna vinnu. Þetta er áberandi til dæmis hjá hluta þeirra vinnuveitenda sem eru að reyna að koma ferðaþjónustunni aftur af stað hratt. Aðilar eins og talsmenn Vinnumálastofnunar hafa eiginlega tekið undir þessa orðræðu að hluta. Þegar skoðaðar eru reglur Vinnumálastofnunar eru þær síðan ansi stífar – samkvæmt þeim þá verður fólk að vera tilbúið til að taka eiginlega hvaða vinnu sem er til að teljast í virkri atvinnuleit. Stofnunin hefur reyndar gefið út ákveðnar áréttingar á því að sumum reglum á borð við að fólk verði að vera til í að taka vinnu hvar sem er á landinu sé ekki fylgt stíft eftir. Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðaþjónustunnar vilja hins vegar bersýnilega að það sé tekið stíft á þessu, en í sameiginlegu minnisblaði þeirra til fjárlaganefndar Alþingis segir: „Fjöldi atvinnuleitenda hefur hafnað störfum samkvæmt atvinnurekendum víðs vegar um land eða með öðrum hætti sýnt áhugaleysi á störfum. Hafa atvinnurekendur í einhverjum tilfellum tilkynnt um atvikin og viðkomandi atvinnuleitendur verið felldir af atvinnuleysisskrá. Þetta virðist vera almennur vandi og fjölmörg dæmi frá atvinnurekendum þess efnis, til SA og SAF sem og í fjölmiðlum. SA og SAF hvetja til þess að tilkynnt sé um slík atvik."

Freistnivandinn

Hér er á ferðinni freistnivandi sem er miður að samtökin tvö virðast vera að falla í. Með fjölmennum hópi atvinnulausra sem hægt er að þvinga til að taka ákveðin störf myndast freisting fyrir atvinnuleitendur að beita þessari svipu frekar en gulrótum á borð við kjör og annan aðbúnað sem gerir störfin aðlaðandi. Þetta dregur að sjálfsögðu úr frelsi einstaklingsins til að velja sér starf við hæfi, þvingar hann til að taka lélegra starfi og/eða lélegri kjörum en myndu kannski standa til boða ef hann hefði sterkan rétt á því að hafna störfum sem honum líkar ekki. Markmiðið er nefnilega ekki endilega bara það að draga úr atvinnuleysinu heldur líka það að góð störf skapist á góðum kjörum. Það er án efa mikið af fyrirtækjum sem vilja fyrst og fremst fá starfsfólk sem er sátt við að vinna hjá þeim og hugnast það ekkert sérstaklega vel að moka inn starfsfólki fyrst og fremst á þeim forsendum að það er eiginlega þvingað til að vinna hjá þeim. Það hljóta eiginlega að vera fyrst og fremst svörtu sauðirnir sem eiga erfitt með að laða að fólk út frá eigin verðleikum og það er óþarfi að hampa þeim eitthvað sérstaklega og gera þeirra orðræðu og óskir að hinu almenna.

> **Markmiðið er nefnilega ekki endilega bara það að draga úr atvinnuleysinu heldur líka það að góð störf skapist á góðum kjörum.**

Réttur og frelsi einstaklingsins

Fyrst og fremst er þetta spurning um hvort við höfum trú á einstaklingnum eða ekki, hvort við viljum veita honum rétt á því að fóta sig sjálfur eða hvort við teljum að hann muni eiginlega bara fara sér að voða og skaða einhverja stærri hagsmuni á borð við þörf vinnuveitenda fyrir vinnuafl. Þetta er smættuð útgáfa af hinni stærri umræðu um borgaralaun, sem róttækar hreyfingar á borð við Pírata eru hrifnar af út frá hugmyndafræðilegum ástæðum, ákveðinni sýn á frelsi einstaklingsins. Í tilfelli atvinnuleysisbóta er augljóst að þetta frelsi er best tryggt með því að hafa sem minnstar kvaðir á því hvað einstaklingurinn þarf að gera til að þiggja bætur, með því að hafa kvaðirnar bara almennar (sæktu reglulega um störf, sýndu fram á að þú hafir skýra sýn á hvað þú vilt og fylgdu þeirri sýn markvisst eftir). Ef – sem er stórt ef – það er virkilega það stórt vandamál að fólk sé að hafna störfum að taka þurfi á því, þá er hægt að huga að því að herða skrúfurnar kannski þegar fólk er búið að vera atvinnulaust í ákveðinn tíma, búið að hafna ákveðið mörgum störfum eða að einhverju öðru leyti farið að sýna þess merki að sannanlega hafa meiri áhuga á því að vera á bótum en að sækja sér vinnu. En almennu reglurnar framan af mega alveg vera léttar og lausar.

Veðjum af alvöru á einstaklinginn og treystum því að hann spili vel úr því veðmáli. Það hljóta öll að græða á því. ■

Ríkið gefur útgerðinni Landspítalann

Ólafur Arnarson
hagfræðingur.

Vart þarf að deila um að stöndugustu íslensku útgerðarfyrirtækin eru í fremstu röð á heimsmælikvarða en ágreiningur er um hvort það stafar af snilli stjórnenda þeirra og eigenda eða því að þau hafi nánast ókeypis aðgang að verðmætri þjóðarauðlind.

Talsmenn kvótakerfisins fullyrða að íslenskur sjávarútvegur sé sá eini í heiminum sem þrífst og dafnar án ríkisstyrkja. Vissulega má færa rök fyrir því að ekki renni svo mikið sem túskildingur með gati úr ríkissjóði til íslenskra útgerða, alla vega bókhaldslega.

Engir styrkir til íslensks sjávarútvegs?

En þýðir þetta í raun að íslenskur sjávarútvegur njóti ekki ríkisstyrkja? Á hverju ári renna tæpir þrír milljarðar króna úr ríkissjóði til Hafrannsóknastofnunar, sem hefur það hlutverk helst að þjónusta íslenskan sjávarútveg. Vitanlega er þetta styrkur til greinarinnar. Þá gegnir Landhelgisgæslan mikilvægu öryggishlutverki fyrir íslensk fiskiskip án þess að útgerðir séu sérstaklega rukkaðar fyrir rekstur hennar. En Landhelgisgæslan er líka lögregla sem hefur eftirlit með fiskiskipum þannig að mögulega má þessi ríkisstuðningur liggja milli hluta.

Útgerðir landsins fá úthlutað veiðikvóta og hafa þannig afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Í orði kveðnu er fiskurinn í sjónum eign þjóðarinnar en í raun og veru hafa íslensk stjórnvöld fært útgerðum afnot af þessari auðlind. Fyrir þau afnot eru innheimt veiðigjöld sem reiknuð eru eftir nánast óskiljanlegum reglum sem meðal annars taka mið af afkomu útgerðarinnar. Þessi regla er afar vond þar sem ýmsar leiðir standa fyrirtækjum til boða til að stilla af afkomu sína. Segja má að stjórnvöld hafi afhent kvótahöfum fiskinn í sjónum til eignar.

Veiðigjöldin eru ekki í neinu samræmi við verðmæti kvótans. Um þessar mundir er leiguverð fyrir þorsktonn um 250 þúsund krónur en handhafar kvótans greiða um 15 þúsund krónur til ríkisins fyrir tonnið. Með öðrum orðum verðmetur markaðurinn kvótann á ríflega sextánföldu því verði sem ríkið rukkar lánsama kvótahafa um. Dæmi eru um að handhafar kvóta hirði ekki um að veiða einn einasta sporð heldur leigi hann allan frá sér.

75 milljarða ríkisstyrkur á ári

Talsmenn kvótakerfisins halda því fram að veiðigjöldin séu þungur baggi á útgerðinni og í raun ósanngjarn skattur sem lagður sé sérstaklega á eina atvinnugrein. Greinilega hefur þessi málflutningur hitt í mark hjá núverandi stjórnvöldum vegna þess að á þessu kjörtímabili hafa veiðigjöldin lækkað markvisst frá ári til árs. Í upphafi kjörtímabilsins voru veiðigjöld um 12 milljarðar alls á ári, lækkuðu eilítið strax árið 2018 í rúma 11 milljarða. Sama ár var lögum um veiðigjöld breytt og árið 2019 námu veiðigjöld 6,6 milljörðum. Í fyrra lækkuðu þau enn og voru 4,7 milljarðar.

Ef miðað er við markaðsvirði kvóta á leigumarkaði þá borga kvótahafar 6 prósent af raunvirði kvótans fyrir afnot hans. Kvótinn sem íslenska ríkið afhendir fyrir 4,7 milljarða er í raun 80 milljarða virði. 80 milljarðar er það verð sem markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir veiðiheimildirnar. Þetta er því ríkisstuðningur upp á um 75 milljarða á ári. Til samanburðar má nefna að alls renna um 77 milljarðar til rekstrar Landspítalans á þessu ári. Ríkið er því að styðja kvótahafa um heilan Landspítala á hverju einasta ári. Minna gagn gera má, en núverandi lög um veiðigjöld miða að því að auka þennan stuðning enn. ■

Árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytisins og Norræna hússins um alþjóðasamvinnu og utanríkismál fer fram í Norræna húsinu **miðvikudaginn 16. júní frá kl. 9 til 14.**

Formenn og fulltrúar stjórnmálaflokka ræða stöðu Íslands á alþjóðavettvangi en auk þess er boðið upp á þrjár málstofur þar sem rætt verður um falsfréttir og fjölmiðla á Norðurlöndum, áhrif heimsfaraldursins á alþjóðasamvinnu og áherslur Íslands til framtíðar á alþjóðavettvangi. ***Guðlaugur Þór Þórðarson***, utanríkisráðherra opnar ráðstefnuna en ***Guðni Th. Jóhannesson***, forseti Íslands, flytur lokaávarp.

*Beint streymi og allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðum Alþjóðamálastofnunar og Norræna hússins og Facebook síðum skipuleggjenda. (**www.nordichouse.is** og **www.ams.hi.is**)*

Komdu og taktu þátt! Við lofum fjörugum og fræðandi umræðum.

VESTNORDISK RÅD · FÉLAG STJÓRNMÁLAFRÆÐINGA · Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið · HÁSKÓLI ÍSLANDS STOFNUN STJÓRNSÝSLUFRÆÐA OG STJÓRNMÁLA · Norræna húsið The Nordic House · ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLI ÍSLANDS

†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma
og langalangamma,

Hulda Jónsdóttir

lést 26. maí á Landspítalanum Hringbraut. Útförin fer fram frá Langholtskirkju miðvikudaginn 16. júní kl. 13.

Kristjana Markúsdóttir
Ingibjörg E. Markúsdóttir
Elín Erna Markúsdóttir
Auður Ásdís Markúsdóttir
Stefán Markússon
Jón Albert Sighvatsson
Helgi Kristjánsson
Páll Gíslason
Viðar Einarsson

ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.

Elsku faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Halldór Jóhannsson
læknir,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu föstudaginn 4. júní. Útför fer ekki fram að ósk Halldórs. Minningarathöfn fyrir þá sem vilja minnast hans verður haldin að heimili hans, Sunnuflöt 4, Garðabæ, miðvikudaginn 16. júní kl. 17.

Margrét Halldórsdóttir
Stefanía Halldórsdóttir
Halla Halldórsdóttir
Jóhann Halldórsson
Marinó Kristinsson
Lars Meyer-Myklestad
Einar Páll Indriðason
Valgerður Margrét Backman

afabörn og langafabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Regína Hanna Gísladóttir
Sléttuvegi 27, Reykjavík,

lést sunnudaginn 6. júní.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 15. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Hrafnistu Sléttuvegi fyrir góða umönnun.

Þórður Haukur Jónsson
Jón Rafnar Þórðarson
Björgvin Þórðarson
Unnur Th. Söreide
Marta Þórðardóttir
Valgerður Ásgeirsdóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Torleif Söreide
Egill Þorsteins

barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Börnin bjástra við bókband með aðstoð Guðrúnar og Söru. Á eftir eru fjaðurpennar prófaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Búa fyrst til eigin penna og bók

Gamla skólahúsið í Viðey hefur öðlast nýtt hlutverk eftir endurbætur. Formlegu skólahaldi var hætt þar 1941. Nú, 70 árum síðar, eru hafin þar námskeið fyrir börn, í samstarfi við borg og söfn.

gun@frettabladid.is

Tólf iðin börn raða sér umhverfis stórt borð í Viðeyjarskóla sem upphaflega var byggður 1928. Þau eru að binda inn væntanlegar minninga- og sögubækur, með viðargrein í kili. Þetta er annað verkefni þeirra á vikulöngu námskeiði sem nefnist Viðey – Friðey. Þau byrjuðu á að búa til fjaðurpenna. Síðan munu þau gera myndverk með pennunum og svörtu indian-bleki, til að líma á bókarkápurnar.

Ása Helga Ragnarsdóttir, leiklistarkennari á námskeiðinu, hafði lýst efni þess stuttlega í símtali. „Börnunum verður kennt að nema land. Þau stofna eigin eyju, með sínum fána og siðum, hvert og eitt, það verður tónlist og þau búa til eigin leikþætti.“ Ása Helga er ekki með þennan fyrsta dag en Guðrún Gísladóttir myndlistarkennari og Sara Riel myndlistarkona halda vel utan um hópinn.

Það er sama við hvert barnið er talað, öll eru ánægð og bjartsýn á framhaldið.

Matarhlé og útivist í Viðeyjarskóla sem er með óskatré við dyrnar.

> Börnunum verður kennt að nema land. Þau stofna eigin eyju, með sínum fána og siðum.
>
> Ása Helga.

Hér eru dæmi: „Báturinn ruggaðist á leiðinni, það var skemmtilegt,“ segir Ingibjörg. „Þetta verður rosa gaman,“ segir Karitas. „Kannski förum við í fjöru og tínum kuðunga,“ segir Alva. „Við fundum eggjaskurn á leiðinni,“ segir Elías Birgir og sýnir. „Við vitum ekki hvaða fugl verpti því eggi, kannski tjaldur,“ segir Þórdís. Hrafnar Ísak er í bókbandinu en hefur ekki hugað að efni hennar enn. „Ég fylgi bara því sem krakkarnir eru að gera,“ útskýrir hann.

Guðrún kennari segir námskeiðið, sem er á vegum borgar og safna, fara vel af stað. „Þetta er frábær hópur, allir til í allt. Á eftir förum við í fjöru og finnum eitthvað, tökum svo gifsafsteypur og búum til skúlptúra,“ lýsir hún. Sara Riel tekur fram að saga Viðeyjar að fornu og nýju verði kynnt börnunum á námskeiðinu. Í stíl við hefðir Yoko Ono muni þau hengja óskir sínar á tré við skóladyrnar, vonandi endi þær undir friðarsúlunni. ■

Okkar elsku besti Soffi,

Kristinn Soffanías Rúnarsson

lést á heimili sínu þann 6. júní.
Útför fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 26. júní kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Pieta samtökin eða önnur mannúðarsamtök.

Kristín Soffaníasdóttir
Rut Rúnarsdóttir
Leon Logi Hafsteinsson
Hulda Vilmundardóttir
Aimée Zeinab Diallo
Rúnar Sigtryggur Magnússon
Hafsteinn Mar Sigurbjörnsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Vilhjálmur Óskarsson
Lundi 5, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Lindakirkju föstudaginn 18. júní kl. 13.

Elínborg Proppé
Þórey Vilhjálmsdóttir Proppé
Magnús Orri M. Schram
Gunnar Þór Vilhjálmsson
Villi, Mía og Ragnheiður

†

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Jóhannes Þ. Jóhannesson

sem lést á Vífilsstöðum 8. júní, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 18. júní kl. 14.00.

Gunnar Jóhannesson
Laufey Jóhanna Jóhannesdóttir
Þórður Aðalsteinsson

og barnabörn.

Elsku dóttir okkar,
systir og mágkona,

Sæunn Ósk Geirdal

lést á heimili sínu í Svíþjóð 14. maí.
Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. júní kl. 15.

Kolbrún Matthíasdóttir
Unnur Sif Geirdal
Magnea Rún Geirdal
Erlendur Geirdal
Eggert Reginn Kjartansson
Ólafur Örn Eyjólfsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 15. júní 2021

Pöbbalífið er vaknað í London. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Allt á uppleið

elin@frettabladid.is

Bretar finna nú fyrir að efnahagurinn er að glæðast á ný með opnun samfélagsins. Breska hagkerfið óx í fyrsta sinn í apríl síðastliðnum síðan heimsfaraldur hófst. Verslanir og krár hafa opnað dyrnar á ný og mesta aukningin er í þjónustugeiranum á meðan byggingariðnaður og fleiri iðngreinar hafa dregist saman. Hagkerfið er þó enn um 3,7% undir þeim mörkum sem voru fyrir heimsfaraldur.

Aftur á móti er sænska hagkerfið komið á sama stig og fyrir kreppu. Norska hagkerfið er sömuleiðis á uppleið og jókst veltan um 0,3% í apríl. Efnahagsþróun er mæld með vergri landsframleiðslu. Olíuframleiðsla er ekki tekin með í þessa mælingu.

Atvinnuleysi meðal yngra fólks

Norska hagstofan bendir á að hagkerfið einkennist enn af heimsfaraldrinum og ströngum smitvörnum. Í sumum landshlutum hefur verið létt á samkomutakmörkunum. Umsvif í smásöluverslun hefur verið að aukast en enn eru erfiðleikar í rekstri hótela og veitingastaða. Rætt er um að vaxtahækkanir gætu orðið með haustinu í Noregi sem myndu hafa áhrif á verðbólgu. Norðmenn vonast þó eftir að hagvöxtur verði orðinn eðlilegur á ný í lok þessa árs. Reyndar sluppu Norðmenn vel við efnahagsleg áhrif faraldursins en engu að síður jókst atvinnuleysi mikið, sérstaklega meðal yngra fólks og láglaunahópa. ■

Dr. Guðrún Marteinsdóttir ákvað að búa til sína eigin húðvörulínu þegar húð hennar þoldi engar húð- og snyrtivörur á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýnum viðskiptavinum virðingu og segjum þeim alltaf satt

Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskalíffræði, er nú stödd í miðju Öskubuskuævintýri en húðvörumerki hennar, Taramar, vinnur ítrekað til verðlauna og slær nú í gegn á heimsvísu.

„Í mínum huga er það Taramar og svo allt hitt. Það er engin snyrti- eða húðvara í heiminum sem kemst nálægt Taramar. Við erum svo sannarlega sérstök því Taramar notar eingöngu náttúruleg efni sem hafa afgerandi áhrif á húðina og er þar að auki í takt við bylgju vitundarvakningar sem nú er í heiminum, þar sem æ fleiri verða meðvitaðri um slæm innihalds- og eiturefni í matvælum og snyrtivörum sem þeir nota dagsdaglega," segir Viðar Garðarsson, markaðsstjóri Taramar.

Upphaf Taramar má rekja til óþols dr. Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors í fiskalíffræði, á hvers kyns snyrti- og húðvörum, en Rúna, eins og hún er alltaf kölluð, þoldi ekkert af þeim vörum sem í boði voru.

„Upplegg Rúnu hjá Taramar er að við segjum alltaf satt og fullyrðum ekkert nema að geta staðið við það, og það vinnur sannarlega með okkur. Rúna á sér engan líka, en það vita ekki margir hver hún er. Hún er einstakur kvenfrumkvöðull sem er að gera hluti sem enginn annar í heiminum hefur uppgötvað fyrr og það er gjörsamlega að slá í gegn," segir Viðar.

Bylting í snyrtivöruheiminum

Viðar hefur starfað lengi við sölu- og markaðsmál en segist aldrei hafa upplifað þvílíkar viðtökur og nú með Taramar.

„Það er nánast sama í hvaða keppni við förum með Taramar; vörurnar vinna alltaf til verðlauna, og það er mjög óvenjuleg og sérstök staða. Ég segi gjarnan við Rúnu að við séum alltof feimin, því það er eins og allur heimurinn sé að uppgötva að eitthvað mjög einstakt sé að eiga sér stað í snyrtivöru-

heiminum á Íslandi. Framleiðsla Taramar er allt öðruvísi en tíðkast í snyrtivöruiðnaðinum, enda byggð á þróun matvæla frekar en efnafræðilegum aðferðum sem er vanalega raunin. Mín upplifun er sú að heimurinn sé að uppgötva eitthvað alveg nýtt og erlendis er bæði skrifað og fjallað af miklum áhuga, undrun og aðdáun um það sem Rúna hefur áorkað, og þar er talað um að uppfinning hennar eigi eftir að breyta framleiðslu snyrtivara til framtíðar á heimsvísu," greinir Viðar frá.

„Það er auðvitað ótrúlega gaman að taka þátt í þessu ævintýri og finna þessa jákvæðu strauma streyma inn í Taramar. Við höfum lengi verið lítið sprotafyrirtæki í háskólasamfélaginu en erum nú að taka fyrstu skrefin á erlendum markaði og fáum að launum stórkostleg viðbrögð sem er auðvitað gríðargaman og ánægjulegt."

Samfelld sigurganga Taramar

Velgengni Taramar erlendis hefur farið eins og stormsveipur um heiminn og á innan við ári hafa vörur Taramar hlotið tólf verðlaun í virtum keppnum um bestu snyrti- og húðvörurnar.

„Meðal annars var Taramar valið besta snyrtivörumerkið á Norðurlöndunum og pakkningarnar hafa líka fengið verðlaun fyrir að vera vandaðar og skemmtilegar. Við erum einnig með TARAKIDS-línuna fyrir börn og verðandi mæður, sérstaklega hannaðar til að auka teygjanleika húðarinnar og krem fyrir sára húð og bruna á bleiusvæðinu. Það er afleiða af öðru kremi sem við bjuggum til fyrir mörgum árum fyrir þá sem hafa brunnið í sól og í krabbameinsmeðferðum, og hefur gefið mjög góðan árangur. Við sendum TARAKIDS í Toddlers Awards-keppnina og unnum þar strax til verðlauna og það er alveg sama hvað; ef við sendum vöru til keppni lendum við í toppsætunum einn, tveir og bingó, sem er ótrúlega skemmtilegt," segir Viðar kátur.

Nú er Taramar komin í úrslit í tveimur keppnum til viðbótar: Free From Skincare Awards og Nordic Natural Beauty Awards.

„Í aðdraganda Nordic Natural Beauty Awards sendum við fimmtíu eintök af hverri vöru út og keppnin úti sendir þær áfram til frægra áhrifavalda sem prófa vöruna og leggja á hana dóm. Því er nú fullt af fólki um veröld víða að prófa Taramar og við trúum vart hvaða viðbrögð við fáum; þetta er svolítið eins og að vera lentur í Öskubuskuævintýri," segir Viðar og hlær.

Hann segir Rúnu og Taramarteymið alltaf hafa vitað að þau væru með framúrskarandi húðvörur, og sem neytendur myndu staðfesta við notkun þeirra.

„En það hefur tekið tíma hér heima því markaður fyrir snyrti- og húðvörur kvenna er mjög þéttur hér á landi. Það er mikið framboð af misgóðum vörum og sökum þess að hér er lítið regluverk í kringum snyrtivörur komast framleiðendur upp með að fullyrða ýmislegt um vörur sínar en þurfa aldrei að standa við þær fullyrðingar," segir Viðar og heldur áfram:

„Vörurnar frá Taramar fara til óháðra og viðurkenndra rannsóknaraðila í Frakklandi og Kanada þar sem virkni þeirra og hreinleiki er staðfest. Svo sjáum við önnur snyrtivörufyrirtæki slá um sig með prósentum og könnunum, án þess að segja frá því hvar kannanirnar eru gerðar. Það bendir til þess að þær séu gerðar af fyrirtækjunum sjálfum en ekki óháðum og viðurkenndum rannsóknarstofum, og fólk gleypir við því. Íslenski markaðurinn er því enn að uppgötva hversu ótrúlega merkileg vara Taramar er, á meðan snyrtivöruheimurinn ytra hefur strax kveikt á því. Við breyttum því um aðferðafræði hér heima og höfum boðið góð tilboð á vörunum okkar, sem hefur sín áhrif. Fólk kemur aftur og aftur því það finnur mjög fljótt mun á sér eftir að það byrjar að nota Taramar."

Dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor og annar stofnenda Taramar, hér að undirbúa prufukeyrslu á lífvirku Iceblu-kremi í Sandgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Í raun hefur mjög fáum í heiminum tekist að sameina þetta tvennt; hreina og náttúrulega húðvöru með jafn ótrúlegri virkni, en það er einmitt það sem Taramar gerir.**
>
> Viðar Garðarsson.

Viðar Garðarsson með Elizu Reid, forsetafrú Íslands. MYND/AÐSEND

Húðfrumurnar endurræstar

Innihaldsefni snyrti- og húðvara geta verið flókin lesning fyrir neytendur að skilja.

„Markmið okkar hjá Taramar er að vera eins hrein og mögulegt er. Þar erum við í sérflokki og að baki þrjátíu ára vísindastarf hjónanna Rúnu og Kristbergs Kristbergssonar, sem bæði eru prófessorar við Háskóla Íslands. Það er staðreynd innan snyrti- og húðvöruframboðs heimsins að vörur með virkum innihaldsefnum eru í flestum tilvikum búnar til úr alls kyns gerviefnum, á meðan náttúrulegar vörur innihalda sjaldnast mjög virk innihaldsefni. Í raun hefur mjög fáum í heiminum tekist að sameina þetta tvennt, en það er einmitt það sem Taramar gerir. Við bjóðum í einu og öllu náttúrulegar vörur, erum kaþólskari en páfinn um það sem fer í vörurnar og náum samt að gera þær svona ótrúlega virkar," segir Viðar.

Dagkremið frá Taramar er beinlínis hannað til að endurræsa orkukerfi húðfruma.

„Með dagkreminu er húðfrumunum sparkað af stað til að endurnýja sig hraðar og vinna í að hreinsa húðina. Öll sú þróunarvinna hefur farið fram á rannsóknarstofum Háskóla Íslands í árafjöld en nú er þetta allt í einu að springa út. Margir hafa samband og vilja dreifa vörunum ytra, en við viljum fara rólega af stað og vanda skrefin út í heim með því að velja samstarfsaðila okkar vandlega," segir Viðar. ■

Nú eru tilboð í gangi þar sem frítt dagkrem fylgir hverju augnkremi á taramar.is og í Hagkaup, Íslandsapóteki og Lyfjaveri. Hagkaupsbúðir sem eru með TARAMAR eru í Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og Akureyri. Sjá taramar.is.

Augnfellingar, baugar og þroti minnka hratt

ICEBLU er ný húðvörulína á teiknibórðinu hjá Taramar. Hún byggir á heiðbláum andoxandi efnum úr örþörungnum spírulínu.

Mikill kraftur er í rannsóknum og þróun hjá íslenska snyrti- og húðvöruframleiðandanum Taramar sem kom með sína fyrstu húðvörulínu á markað árið 2015. Í dag eru húðlínurnar orðnar tvær, Taramar Beauty og TaraKids. Nú er verið að þróa tvær línur til viðbótar hjá Taramar, en önnur er Iceblu sem byggir á afar merkilegum heiðbláum andoxandi efnum úr spírulínu og er unnin í samstarfi við VAXA Life á Hellisheiði.

„Taramar Seeds, móðurfyrirtæki Taramar, fékk á dögunum styrk úr Lóu-sjóðnum til að halda áfram þróun á Iceblu-línunni og vonumst við til að vera komin með fyrstu vörur í prófanir í haust," segir dr. Guðrún Marteinsdóttir (Rúna), prófessor við Háskóla Íslands, og frumkvöðull að baki íslensku Taramar-húðvaranna sem nú eru að slá í gegn um allan heim.

Ísblátt Iceblu-serum er nú á rannsóknarstigi hjá Taramar. MYND/AÐSEND

Rúna bendir þeim sem vilja taka þátt í prófunum á Iceblue að skrá sig í Vildarklúbb Taramar, en á taramar.is verður auglýst eftir þátttakendum í prófanirnar hjá Vildarklúbbnum.

„Í nýju Iceblu-línunni, eins og öllum Taramar-vörunum okkar, beinum við fyrst og fremst sjónum að hreinleika og lífvirkni. Þannig verða Iceblu-vörurnar unnar með NoTox®-tækni sem var þróuð af vísindateymi Taramar og innihalda engin efni sem ekki má leggja sér til munns," greinir Rúna frá.

Hvað lífvirkni varðar rannsaka Rúna og vísindateymi Taramar nú hvernig hafa má jákvæð áhrif á allan líkamann með heilsusamlegum húðvörum.

„Við nýtum okkur langtímarannsóknir dr. Kristbergs Kristbergssonar, prófessors og annars stofnenda Taramar, og samstarfsaðila hans á náttúrulegum ferjum, svo sem liposomum og fitukúlum (e. solid lipid particles) sem aðstoða við að ferja lífvirku efnin inn í dýpri lög húðarinnar. Þessar náttúrulegu ferjur hefja vörurnar okkar upp á æðra svið og valda því að jákvæð áhrif lífvirkninnar á húðina eru sjáanleg með berum augum og í sumum tilfellum geta þau gerst nokkuð hratt þannig að fyrstu breytingar sjást á fjórum til átta dögum," upplýsir Rúna.

Nýtt augnkrem sem framkallar jákvæðar breytingar á augnsvæði

Rannsóknir á náttúrulegum efnum sem hafa getu til að þétta húðina gáfu af sér formúluna Eye Treatment sem nú er hluti af vörulínu Taramar.

„Í augnkreminu Eye Treatment eru efni úr alparós, þrenningarfjólum, þangi og sjávarörverum notuð til að vinna með signa og litaða húð. Eftir nokkrar vikur kemur árangur í ljós og munur sést á stærð og slappleika augnfellinga sem myndast oft með aldrinum fyrir ofan augun," vitnar Rúna um.

Lífvirku efnin í Eye Treatment valda því að augnfellingarnar dragast saman og sé kremið notað reglulega í dálítinn tíma má sjá hvernig augnlokin koma aftur í ljós undan fellingunum.

„Augnkremið hefur einnig góð áhrif á bauga og mislitun fyrir neðan augun, sérstaklega ef baugarnir stafa af leka á gallrauða (e. bilirubin) úr fíngerðu æðunum fyrir neðan augun, en það svæði getur orðið dimmblátt af gallrauða. Í mörgum tilvikum vinnur Eye Treatment einnig vel á þrota," útskýrir Rúna.

Þess má geta að Eye Treatment hefur þegar unnið alþjóðleg gullverðlaun hjá Global Makeup Awards og er nú komið í úrslit hjá Natural Nordic Beauty Awards. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Veiðiblaðið

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 15. júní 2021

Ragnheiður Thorsteinsson hlakkar sérstaklega til að heilsa upp á Langá í sumar en áin er henni það kær að hún fékk að taka á móti ösku hunds hennar. MYND/AÐSEND

Veiðiklær eru betri elskhugar

Ragnheiður Thorsteinsson hefur gegnt stöðu varaformanns Stangaveiðifélags Reykjavíkur, SVFR, í fjögur ár með hléum og setið í stjórn í átta ár. Hún heillaðist ung af hljóm árniðarins og er ein þekktasta veiðikló landsins. 2

Endurnýjun í sportinu er mikilvæg fyrir SVFR.

SVFR heldur fjölda námskeiða fyrir ýmsa aldurshópa á sumrin.

Hér getur að líta stóran glæsilegan urriða sem veiddist í Þingvallavatni.

Árniðurinn og góð rauðvínsflaska er hin fullkomna rómantíska helgarferð í huga Ragnheiðar. MYNDIR/AÐSENDAR

Ragnheiður leyfir ösku labradortíkurinnar að hvíla í ástkærustu veiðiá þeirra beggja. Hér dreifir hún öskunni.

Útiveran er það sem heillar flestar veiðiklær og það jafnast ekkert á við að vera við árbakkann á pollabuxunum.

Ragnheiði þekkja flestir sem kunnugir eru stangaveiðisportinu. „Ég byrjaði í þessu ung og hafði mikið gaman af. Svo færðust unglingsárin yfir og ég hætti á tímabili. Svo byrjaði ég aftur fyrir alvöru upp úr 1997 og hef verið sýkt af þessari veiðibakteríu æ síðan. Í dag lifi ég og hrærist í þessu og ver öllum mínum aukastundum við árbakkann," segir Ragnheiður.

Frumþörf mannsins

Að sögn Ragnheiðar fylgir veiðibakteríunni veiki sem er bæði skemmtileg og gefandi. „Í hvert sinn sem ég byrja að tala um veiði þá léttist í mér lundin. Það er gaman að eiga sér áhugamál sem maður getur endalaust talað og hugsað um. Ef ég á erfitt með að sofna á kvöldin þá reikar hugurinn að árbakkanum og ég get ferðast niður alla ána, frá upptökum til árósa, numið staðar við hvern hyl og rifjað upp frábærar minningar. Þetta geri ég í stað þess að telja kindur eins og sumir og sofna með heilann stútfullan af serótóníni."

Það er margt sem heillar veiðiklær landsins og að sögn Ragnheiðar er það helst útiveran sem dregur hana að árbakkanum. „Ásamt því að hafa gaman af því að veiða þá hef ég unun af því að læra að þekkja plönturnar og fuglana og svo er æðislegt að vera úti í náttúrunni í pollagallanum, hvort sem er í vondu eða góðu veðri. Það er eitthvað við það að hafa það notalegt á bakkanum við rennandi vatn. Ætli þarna sé ekki komin ein af frumþörfum mannsins," hugleiðir Ragnheiður.

Hagstæð kjör

SVFR er með ellefu laxveiðiár og sjö silungsveiðiár víða um land. „Flestar eru staðsettar á vesturhelmingi landsins en svo erum við með nokkrar fyrir austan og norðan líka."

Að sögn Ragnheiðar er tilgangur SVFR sá að bjóða upp á eins ódýr veiðileyfi fyrir félagsmenn og hægt er. „Okkar markmið er ekki að skila arði heldur viljum við reka félagið og bjóða fólki upp á veiðileyfi á hagstæðum kjörum svo að sem flestir geti stundað sportið. Í upphafi hvers árs sækja félagsmenn SVFR um veiðileyfi og restin fer svo í almenna sölu á vef svfr.is. Ég hvet áhugasama til að fara á vefsíðuna og skoða veiðileyfin sem eru í boði. Fólk getur valið um að fara í lax eða silung og veiðileyfin eru á mjög breiðu verðbili."

Öflugt fræðslustarf

SVFR rekur öflugt barna- og unglingastarf og heldur fjölda námskeiða fyrir unga fólkið. „Námskeiðin eru öll kennd í sjálfboðaliðastarfi enda eru allir að sinna áhugamálinu og sömuleiðis er endurnýjun í veiðiskap afar mikilvæg fyrir félagið. Þá bjóðum við upp á ýmis styttri námskeið fyrir fólk á öllum aldri eins og kastnámskeið, fræðslu og margt fleira. Það er áríðandi að fólk kunni að veiða rétt og svo er það líka miklu skemmtilegra fyrir vikið að vita til dæmis hvað virkar fyrir hvaða fisk. Á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, verður opinn veiðidagur við Elliðavatnsbæinn þar sem við bjóðum fólki að koma með börnin og veiðistangirnar sínar. Svo erum við til staðar til að aðstoða þá sem eru að taka sín fyrstu skref. Við fáum líka reglulega símtöl frá fólki sem langar að koma sér af stað í veiðinni og við erum mjög fús að ráðleggja öllum sem hafa áhuga."

> **Ef ég á erfitt með að sofna á kvöldin þá reikar hugurinn að árbakkanum og ég get ferðast niður alla ána, frá upptökum til árósa, numið staðar við hvern hyl og rifjað upp frábærar minningar. Þetta geri ég í stað þess að telja kindur eins og sumir og sofna með heilann stútfullan af serótóníni.**
>
> Ragnheiður Thorsteinsson.

Veiðin eins og eldgos

Veiðitímabilið er hafið í nokkrum ám Stangaveiðifélagsins. „Það er misjafnt hvenær tímabilin hefjast í hverri á fyrir sig. Silungurinn byrjar almennt í lok maí, Varmá er opnuð 1. apríl en sumar silungsveiðiár opna ekki fyrr en 1. júní. Svo eru laxveiðitímabilin að hefjast frá 1.–20. júní. Núna er „aðventan" hjá veiðiklóm landsins enda er allt að fara af stað og fólk er spennt fyrir sumrinu. Fiskifræðingar eru vongóðir um gott og gjöfult sumar í veiðinni, en þetta er annars eins og að tala um jarðhræringar, hvort það verði eldgos eða ekki. Það er engin leið að segja til um það. Það þykjast allir hafa skoðun en í raun veit enginn neitt þegar upp er staðið. Síðasta sumar var þokkalegt í veiðiám landsins en árið þar á undan var hræðilegt út af miklum þurrkum. Rigningasumur geta verið betri en þau mega heldur ekki vera of köld. Þetta er mjó veiðilína að feta og það getur brugðið til beggja vona. En veiðimenn eru alla jafna fullir af von og bjartsýni uns efinn tekur yfir."

Langá er París Íslands

Nú nýlega var opnað fyrir veiðileyfi í Laxá í Laxárdal og Mývatnssveit, Leirvogsá og Varmá. „Ég hef aldrei veitt í Leirvogsá, sem er að opna núna og ég er mjög spennt að prófa hana. Annars er það árlegt tilhlökkunarefni hjá okkur hjónum að fara í Langá enda byrjar veiðiárið fyrir alvöru þar. Fyrir mér er það að veiða í Langá eins og að fara í rómantíska borgarferð með manninum mínum. Ég kaupi mér gott rauðvín og nýt mín í botn við veiðina. Áin er mjög fjölbreytt og býður upp á erfið svæði og auðveld. Svo tek ég eftir breytingum á milli ára enda fer ég þangað ár hvert. Langá á sér það kæran stað í hjarta mínu að ég dreifði ösku labradortíkurinnar minnar í Kerstapahyl í ánni, enda elskaði hún að vera þarna með mér."

Silungsveiðimenn betri elskhugar

Ragnheiður segist aðallega hafa verið í laxinum undanfarið en í ár langar hana að finna sig aftur í silungsveiðinni. „Þeir segja víst að silungsveiðin geri mann að betri elskhuga. Ætli það sé ekki vegna þess að það er meira fitl í silungsveiðinni og hún krefst mun meiri þolinmæði. Þetta er meiri hugleiðsla. Í laxinum er maður að pirra fiskinn til að hann bíti á, en í silungnum er maður að fá fiskinn til að bíta á með því að líkja eftir ætinu sem hann borðar. Þá þarf að athuga hvað hann étur, setja flugu sem líkist ætinu og vera svo þolinmóður. Sama er upp á teningnum með bleikjuna og urriðann." ■

Veiðileyfi fást keypt á vefsíðu svfr.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

Opið mán-fös 9-18
lau 9-16
sun 10-14

VEIÐIPORTIÐ

Grandagarður 3 ▪ S: 552-9940

www.veidiportid.is

Skoðið nýju heimasíðuna okkar www.veidiportid.is

Shimano gæða stangarsett

Verð 9.900.kr-16.500.kr

Barna vöðlusett frá 12.900.kr

Vöðlur, veiðivesti og derhúfa

Tvíhendu tilboð

Jaxon XT pro 15' stöng, Vision Deep fluguhjól og Vision lína

Fullt verð 70.700.kr

Tilboð aðeins 49.900.kr

Vöðlu tilboð

Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur

og

Atom vöðluskór frá Vision

Fullt verð 52.800.kr

Tilboð aðeins 39.900.kr

Vöðlur jakkar frá Vision

Verð frá 19.900.kr

Vöðlu tilboð

Vision Koski Zip vöðlur, Nahka Michelin vöðluskór og Tungsten naglar

Fullt verð 113.690.kr

Tilboð aðeins 89.900.kr

20% afsláttur af öllum strandveiðihjólum gildir út sunnudag

Polaroid gleraugu fyrir alla.

Barnagleraugu frá 1.950.kr

Fullorðins gleraugu frá 6.900.kr

Flugustangarsett frá Vision

Verð frá 29.900.kr

Umhverfisvænn kostur!

Siglum um vötnin með rafmótor frá Jaxon.

Verð frá 79.900.kr

Slöngubátar á lager

270cm 119.000.kr

300cm 149.000.kr

330cm 189.000.kr

360cm 225.000.kr

Utanborðsmótorar á lager

2,5hp 129.000.kr

2,6hp 99.000.kr

5hp 159.000.kr

6hp 199.000.kr

9,8hp frá 249.000.kr

9,9hp frá 299.000.kr

15hp 410.000.kr

20hp 475.000.kr

Kveður fiskbúðina eftir 35 ár

Ágúst Tómasson þekkja flestir Hafnfirðingar enda hefur hann rekið fiskbúð í bænum í 35 ár. Fiskbúðin hefur hins vegar verið starfandi frá árinu 1959, fyrst á Kirkjuvegi en síðan í Trönuhrauni.

elin@frettabladid.is

Gústi kveður nú fiskbúðina eftir 35 ár. Hann hefur eignast fjölda vina á þessum langa tíma og örugglega margir sem munu sakna hans úr búðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Arftakar fiskbúðarinnar eru sonur Gústa, Tómas, og tengdadóttir, Hafdís. Þau verða með mikið úrval alls kyns fiskrétta ásamt ferskum fiski.

Ágúst, eða Gústi, eins og hann er ávallt kallaður, hefur nú sett fiskbúðina í hendurnar á syni sínum, Tómasi, og ætlar sjálfur að fara að taka lífinu með ró enda kominn á virðulegan aldur. Gústi segir að margt hafi breyst í áranna rás í fiskbúðum landsmanna. Hin þverskorna ýsa hefur þurft að víkja fyrir ýmsum framandi fiskréttum.

Þegar Gústi keypti fiskbúðina, sem var á horni Reykjavíkurvegar og Kirkjuvegar í Hafnarfirði fyrir 35 árum, komu húsmæður enn gangandi í búðina til að kaupa fisk í hádegismat. „Þá komu karlarnir heim í mat í hádeginu. Það voru ekki jafnmargir á bílum og í dag. Smátt og smátt var fiskbúðin á Kirkjuvegi orðin of lítil og bílastæði af skornum skammti. Það var því ekkert í stöðunni nema að stækka við sig," segir Gústi sem fann rétta staðinn í Trönuhrauni árið 2005 þar sem voru næg bílastæði. Þar hefur hann verið síðan og á marga fastakúnna. „Sumir koma til mín langt að, til dæmis úr Mosfellsbæ og frá Seltjarnarnesi," segir hann. „Ég hef líka alltaf reynt að bjóða gott verð á fiskinum. Það er hins vegar orðið erfitt þar sem hann hefur hækkað mikið í verði.

Neyslan hefur breyst

Nú borðar fólk ekki lengur heima í hádeginu, heldur fer í ræktina eða borðar í mötuneytum og á skyndibitastöðum. Fiskur er frekar á borðum á kvöldin og þá einhvers konar fiskréttir. Neysla á fiski hefur breyst svakalega mikið. Nú selur maður varla heila ýsu lengur. Við höfum fylgt straumnum og bjóðum upp á margvíslega fiskrétti í sósum. Að sjálfsögðu erum við líka með ferskan fisk í flökum. Ég hef alltaf verkað sólþurrkaðan saltfisk og hann er enn vinsæll. Á árunum í kringum 1987 þurrkaði ég tvö tonn af saltfiski en í dag eru þetta 500 kg. Neyslan hefur minnkað þetta mikið. Þeir sem voru aldir upp á sólþurrkuðum saltfiski eru farnir að týna tölunni," segir hann. „Þótt einhverjir tali um að sakna soðningarinnar þá er hún samt á útleið. Sömuleiðis gellur og kinnar."

Gústi hafði áður verið á sjónum, starfaði á fiski- og loðnubátum sem gerðir voru út frá Grindavík og einnig frá Snæfellsnesi áður en hann festi kaup á fiskbúðinni. Hann segist fyrst hafa farið á sjóinn á nítjánda ári. „Það var skemmtilegur og lærdómsríkur tími," segir hann. „Ég væri alveg til í að fara einn og einn róður ef ég er ekki orðinn of gamall."

Gústi segist hafa keypt fiskinn alls staðar frá á landinu. „Ég kaupi hann þar sem hann er ferskastur hverju sinni. Ég hef alltaf lagt mikla áherslu á gæðahráefni. Ég þekki bátana og veit hvar besta fiskinn er að finna."

Villtur lax fágætur

Þegar Gústi er spurður hvort hann kaupi nýveiddan lax og silung af veiðimönnum, svarar hann því játandi. „Laxinn í borðinu er þó mestmegnis úr eldi. Yfir sumartímann getum við stundum boðið villtan lax. Hér áður fyrr beið fólk eftir því að Hvítárlaxinn kæmi í borðið. Þá var enginn eldislax í boði. Nú hefur hann tekið yfir og margir þekkja ekki annað. Bleikjan er sömuleiðis mjög vinsæl en hún kemur líka úr eldi. Að mínum dómi er þó alltaf annar bragðkeimur af villtum fiski."

> **Neysla á fiski hefur breyst svakalega mikið. Nú selur maður varla heila ýsu lengur. Við höfum fylgt straumnum og bjóðum upp á margvíslega fiskrétti í sósum.**

Gústi hefur alltaf verið með góðan hákarl á þorranum en hann segir að það veiðist minna af honum til verkunar um þessar mundir. Hann segir að hákarlinn sé orðinn árstíðabundin vara en áður fyrr fékkst hann allt árið.

Sonurinn tekur við

Þótt Gústi standi ekki lengur við afgreiðsluborðið í fiskbúðinni í Trönuhrauni segist hann ekki alveg hafa skilið við hana. „Ég kíki inn á morgnana og keyri út fyrir soninn. Tómas stendur vaktina núna ásamt konu sinni, Hafdísi, sem ég er ánægður með. Strákurinn byrjaði að hjálpa mér tólf ára gamall svo hann kann þetta. Búðin hefur alltaf gengið vel og ég held að það megi þakka góðu hráefni. Við höfum líka verið í lægri kantinum í verði. Línuýsan er langvinsælust hjá viðskiptavinum mínum og er um 70% af sölunni. Það er ekki mikil aukning í þorski en þó eitthvað. Þegar bátar geta ekki farið út að veiða vegna kvótaleysis minnkar framboðið og verðið hækkar," segir hann.

Þegar Gústi er spurður hvernig hann ætli að verja tímanum nú þegar hann hættir að vinna, svarar hann: „Hvað gera gamlingjar þegar þeir hætta að vinna? Ég á hjólhýsi og mun líklegast ferðast um landið í sumar ef veður leyfir. Dagurinn byrjar alltaf mjög snemma í fiskbúðinni og er langur. Það tekur líklega smá tíma að venjast nýju lífi. Hjá mér hafa verslað nokkrir ættliðir og ég þekki orðið marga. Ætli maður kíki ekki við og við í búðina til að heilsa upp á þá." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

24. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 15. júní 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Embla Valberg
Löggiltur fasteignasali. Skrifstofustjóri.
embla@valholl.is
588 4477

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Glæsileg íbúð er nú til sölu við Löngulínu í Garðabæ.

Glæsileg þakíbúð

Fasteignasalan TORG kynnir: Stórglæsilega PENTHOUSE íbúð, arkitektateiknuð og hönnuð af Rut Kára. Íbúðin er 152,2 fm að stærð með 68 fm þaksvölum og tveimur bílastæðum í bílakjallara.

Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni og af þaksvölum. Íbúðin er á efstu hæð í 6 hæða fjölbýlishúsi með lyftu í þessari vinsælu götu í Sjálandinu, Garðabæ. Íbúðin sjálf skiptist í anddyri, gestasalerni, 2 svefnherbergi, rúmgott baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottaherbergi og aðalrými með stofu, borðstofu og eldhúsi ásamt útgengi á þaksvalir.

Alls er íbúðin skráð 152,2 fm, þar af 10,4 fm geymsla í sameign. Tvö stæði í bílageymslu fylgja eigninni og svo 68,3 fm þaksvalir.

Komið er inn í anddyri með flísar á gólfi. Til vinstri liggur leið að aðalrými íbúðar, þar sem parket er á mestallri íbúðinni en í eldhúsi eru flísar. Gestasalerni og þvottaherbergi eru inn af anddyri. Til hægri er svefnherbergisgangur, baðherbergi og 2 svefnherbergi, frá hjónaherbergi er opinn gangur inn í fatageymslu og inn á aðal-baðherbergi.

Gott barnaherbergi með góðum skápum. Mjög fallegt og skemmtilegt hjónaherbergi, inn af því er opinn gangur sem liggur að fataherbergi, og baðherbergi. Flísalagt baðherbergi. Baðkar, sturtuklefi og góð hvítlökkuð innrétting með 2 vöskum og speglaskápum. Fallegur parketviður fyrir ofan baðkar.

Stór, björt og opin stofa/borðstofa. Fallegt útsýni yfir hafið frá stofu þar sem mikill fjöldi glugga lýsir íbúðina upp. Falleg hvítlökkuð innrétting í eldhúsi með veglegri eyju, SIEMENS eldhústæki, rými fyrir innfellda uppþvottavél og rými fyrir tvöfaldan ísskáp, útgangur út á sirka 68,3 fm þaksvalir frá eldhúsi.

Lyftuhús og stigagangur er allt mjög snyrtilegt. Húseignin er einangruð og klædd að utan og veggir á þaksvölum eru viðarklæddir. ■

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður, löggildur fasteignasali, í síma 898-6106, eða sigurdur@fstorg.is

Sólheimar 23
– Falleg útsýnisíbúð. Opið hús.

Falleg, björt og velskipulögð 3ja-4ja herbergja 107 fm íbúð á 3.hæð í suðvestur, í eftirsóttu lyftuhúsi í Austurbæ Rvk, sem nýlega hefur verið viðgert að utan m.a. nýjir gluggar og er í góðu ástandi. Húsvörður. 2 stofur og 2 svefnherbergi (möguleiki á þremur). Laus við kaupsamning.

Opið hús þriðjudaginn 15.júní kl. 17,30 – 18,00

Uppl. veitir Sturla Pétursson lg.fs. S: 8999-083 eða sturla@valhöll.is

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27, S: 588-4477
SÍÐAN 1995

Framúrskarandi fyrirtæki

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
Símanúmer 899-9083
sturla@valholl.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Ábendingahnappinn
má finna á
BARNAHEILL.IS

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Garðabær
Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur

Aflagrandi – Raðhús.

- Mjög vandað og vel skipulagt 312,0 fermetra raðhús á fjórum hæðum við Aflagranda í Reykjavík.
- Húsið er teiknað að utan og innan af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt.
- Lóðin er mjög falleg með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið og fallegum beðum undir gróður. Baklóðin er öll afgirt og mjög skjólsæl með hellulagðri verönd og mjög fallegum trjágróðri.
- Húsið að utan hefur alla tíð fengið gott viðhald og lítur vel út.

Verð 137,9 millj.

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Grenimelur – Neðri sérhæð og kjallari. 2 íbúðir.



- 160,7 fermetra sérhæð, 1. hæð og kjallari við Grenimel.
- Á 1. hæð er 90,2 fermetra 3ja herbergja íbúð og í kjallara er 70,5 fermetra 2ja herbergja íbúð sem ekki er samþykkt sem sér íbúð en er með rúmlega fullri lofthæð.
- Báðar íbúðirnar eru með aukinni lofthæð, bjartar og vel skipulagðar. Gott tækifæri til að eignast tvær mjög góðar íbúðir í sama húsinu.
- Húsið var steinað upp á nýtt árið 2007 og þakjárn var endurnýjað ásamt þakpappa árið 2016.
- Gott tækifæri til að eignast tvær mjög góðar íbúðir í sama húsinu.

Verð 86,9 millj.

Bergþórugata 3 – 3ja herbergja íbúð.



Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega falleg 3ja herbergja 84,2 fermetra íbúð með aukinni lofthæð í 6 íbúða fjölbýlishúsi í miðborginni.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir íbúðinni. Suðursvalir og fallegt útsýni.
- Arinn í stofu. Bjart eldhús með stórum útsýnisglugga. Tvö rúmgóð herbergi.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

Verð 59,0 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja og 3ja herbergja íbúðir.

- 3ja herbergja 93,7 fm. íbúð á 4. hæð. Svalir til suðurs með útsýni yfir miðborgina. Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími.

Verð 68,5 millj.

- 2ja herbergja 70,7 fm. íbúð á 3. hæð. Svalir til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Verð 52,9 millj.

Íbúðir eru sérstaklega hljóðeinangraðar sem og hluti sameignar. Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Hraunbær 170– 3ja herbergja íbúð.

- Mjög góð 3ja herbergja 88,9 fermetra íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Hraunbæ í Reykjavík. Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði rétt við inngang hússins.
- Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til vesturs. Eldhús með glugga til austurs. Tvö svefnherbergi.
- Húsið að utan var allt viðgert og málað árið 2020 og lítur vel út. Árið 2012 var skipt um þakjárn á húsinu, þakrennur og niðurföll.
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 39,9 millj.

Skólavörðustígur – til leigu

- **77 fermetra** verslunarhúsnæði til leigu með góðum verslunargluggum sem vísa út á Skólavörðustíg. **Laust fljótlega**
- **105,6 fermetra** verslunarrými á tveimur hæðum til leigu neðarlega á Skólavörðustígnum. **Laust til afhendingar strax.**
- **70,6 fermetra** verslunarhúsnæði á götuhæð til leigu í nýlegu húsi við Skólavörðustíg. Húsnæðið er einn stór salur með góðum verslunargluggum út að Skólavörðustígnum.

Garðatorg 7 – Garðabær- Verslunarhúsnæði



- 63,8 fermetra verslunarhúsnæði á mjög góðum stað framarlega á yfirbyggðu Garðatorgi í Garðabæ.
- Salur með gólfsíðum gluggum. Fundarherbergi / skrifstofa. Eldhús/kaffistofa. Snyrting.
- Mjög góð aðkoma er að húsinu, mikill fjöldi bílastæða og hiti í gangstéttum fyrir framan húsið.
- Eignarhlutinn getur verið laus til afhendingar fljótlega.

Verð 27,9 millj.

Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðin sem eftir er er 3ja herbergja íbúð 125,5 fermetrar á 1.hæð. Til afhendingar í júlí 2021.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin sjálf verður afhent án gólfefna, en flísar verða á gólfi á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgja íbúðinni.

Verð íbúðar er 81,5 millj.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Lyngháls 10. Nýlega innréttaðar stúdíóíbúðir.

- 10 nýlega innréttaðar og vandaðar stúdíóíbúðir á 3. hæð í steinsteyptu og álklæddu húsi við Lyngháls 10 í Reykjavík.
- Íbúðirnar voru allar innréttaðar fyrir um 7 árum síðan og þá sett upp eldhús í hverri íbúð og baðherbergi í hverja íbúð.
- Baðherbergi eru öll flísalögð og með flísalögðum sturtum, handklæðaofnum og vegghengdum salernum. Harðparket er á gólfum alrýma og herbergja. Eldvarnarhurðir eru frá öllum íbúðum við gang.

Verð 189,0 millj.

Íbúðirnar eru allar í útleigu í dag. Nánari uppl. á skrifstofu.

VIÐ ERUM **TRAUSTI**

KJARNAKONUR SEM ÞÚ GETUR TREYST FYRIR SÖLU Á ÞINNI FASTEIGN

Viktoría Larsen
s: 618-5741

Sólveig
s: 869-4879

Bára
s: 693-1837

Guðlaug
s: 661-2363

Kristín María
s: 837-1177

Micha
s:766-0891

Linda
s:848-9455

Guðbjörg G.
s: 899-5949

Ragnheiður
s: 788-3069

Thelma
s: 860-4700

STRÁKARNIR OKKAR ERU LÍKA TRAUSTIR
ENDILEGA HRINGIÐ Í ÞÁ EF ÞAÐ ER Á TALI HJÁ STELPUNUM

Garðar K.
s: 853-9779

Ólafur Haukur
s: 866-1242

Styrmir
s: 846-6568

Einar Örn
s: 823-4969

Hallgrímur
s: 896-6020

Aðalsteinn Jón
s: 767-0777

Garðar B.
s: 898-0255

Kristján
s: 867-3040

Garðar Hólm
s: 899-8811

Halldór
s: 660-5312

JAFNRÉTTISHUGSJÓN TRAUSTA FASTEIGNASÖLU ER SKÝR

- STOFAN ER Í EIGU KONU OG KARLS
- YFIRMAÐUR SKJALAGERÐAR ER KONA
- YFIRMAÐUR SÖLUDEILDAR ER KARL

Vegmúla 4
108 Reykjavík
www.trausti.is

S. 546-5050

TRAUSTI
fasteignasala

Við leitum að...

- **3ja herb. íbúð í vesturbæ fyrir traustan kaupanda**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar í síma 661 2100
  eða oskar@miklaborg.is

- **Eign í 101 eða 107 með 2 svefnherbergjum fyrir allt að 55 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Elín í síma 899 3090
  eða elin@miklaborg.is

- **Hæð í 101 eða 105 Rkv. með þremur svefnherberju og bílastæði.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Elín í síma 899 3090
  eða elin@miklaborg.is

- **Íbúð með bílskúr á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt að 60 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Elín í síma 899 3090
  eða elin@miklaborg.is

- **Hæð eða sérbýli í góðu húsi sem má þarnast endurbóta að innan og að lágmarki 120 fm miðsvæðis eða í Kópavogi eða Garðabæ.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Elín í síma 899 3090
  eða elin@miklaborg.is

- **Einbýli með sjávarútsýni í Kópavogi. 5-6 herbergi. Má vera aukaíbúð. Topp verð fyrir topp eign.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778 7272
  eða axel@miklaborg.i

- **4-5 herbergja einbýli/ raðhús/parhús í Grafarvogi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778 7272
  eða axel@miklaborg.is

- **Sérbýli, einbýli og eða raðhús/parhús í Hafnarfirði**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778 7272
  eða axel@miklaborg.is

- **Sérbýli í Selás eða Árbæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778 7272
  eða axel@miklaborg.is

- **Sérbýli í Fossvogi á einni hæð - ákveðnir kaupendur**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778 7272
  eða axel@miklaborg.is

- **Garðabær - Sjáland - 140 fmmeð sjávarútsýni (helst á efstu hæð).**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórhallur í síma 896 8232
  thorhallur@miklaborg.is

- **Garðabær - Rað-parhús, 150 – 200 fm á einni hæð.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórhallur í síma 896 8232
  thorhallur@miklaborg.is

- **101 Reykjavík - Hæð í þingholtunum 120 fm +**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórhallur í síma 896 8232
  thorhallur@miklaborg.is

- **2-3ja herbergja í Árbæ.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ingi Þór í síma 698 4450
  eða ingi@miklaborg.is

- **4-5 herbergja í hlíðum eða vesturbæ má þarfnast lagfæringa**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ingi Þór í síma 698 4450
  eða ingi@miklaborg.is

- **Rað, par eða einbýli í Sala-, Linda-, Kórahverfi Kópavogi. Bein kaup eða skipti á íbúð eða litlu sérbýli.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **4ra - 5 herbergja íbúð í 201 eða 203 Kópavogi eða í Hafnarfirði. Rúmur afhendingartími í boði.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **Rað, par eða einbýlishúsi í Garðabæ, 3-4 svefn-herbergi, verð að 110 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **Sérbýli á höfuðborgar-svæðinu, 85-95 millj. Má þarfnast endurbóta.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **Sérbýli í 201 eða 203 Kópavogi, Rúmur afhendingartími í boði.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **3ja herbergja íbúð í Reykjavík eða Kópvogi Fyrstu kaup. Verð að 50 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **2ja herb. íbúð í Mosfellsbæ, Grafarvogi, Grafarholti, Úlfarsárdal eða Árbæ. Lyfta og stæði í bílageymslu skilyrði. Verð allt að 50 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar H B í síma 691 1931
  eða ohb@miklaborg.is

- **2ja herb íbúð í Kópavogi eða Garðabæ. Verhugmynd 45-50 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar H B í síma 691 1931
  eða ohb@miklaborg.is

- **3-4ra herb. í póstnúmerum 105, 108 eða 104. Verð allt að 65 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar H B í síma 691 1931
  eða ohb@miklaborg.is

- **Fallegu einbýli í Garðabæ, Kópavogi og í p.nr. 105, 104 og 108 Reykjavík. Stærð frá 280 fm. verð 150-180 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar H B í síma 691 1931
  eða ohb@miklaborg.is

- **Einbýli, rað- eða parhúsi í Garðabæ. Verð: 110-130 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Einbýlishús á Kársnesinu í Kópavogi í kringum 150-160 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Vegna mikillar sölu vantar flestar gerðir fasteigna til sölu, fáðu frítt verðmat.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Sumarhús í nágrenni við golfvelli td. Öndverðarnes eða Kiðjaberg á 40 til 80 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Raðhús/Parhús í Hafnar-firði, helst í Áslandinu á 90-100 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Sérbýli í Vesturbænum í kringum 90-120 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Eibýli í mið- eða vesturbæ R-víkur stærð 200-300 fm**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **3-4ra herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **3-4ra herbergja íbúð í Grafarholti/Grafarvogi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Lóð fyrir fjölbýlishús á stór-Reykjavíkur svæðinu**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Byggingalóð á stór Reykjavíkursvæðinu, fyrir 30-60 íbúðir.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Leita að góðri íbúð á efri hæðum í Sjálandshverfi Garðabæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **3 - 4 herbergja íbúð með útsýni á svæðinu kringum Kópavogsgerði - Kópavogstún eða Lundi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **3 ja herbergja íbúð í húsi fyrir eldri borgara með aðgengi að þjónustukjarna**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **150 -200 m2 sérbýli sem næst Laugardal í Reykjavík**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **Tvær 3 - 4 herbergja íbúðir í 104 eða hús með 2 íbúðum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **Einbýli í Garðabæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Útsýnisíbúð í Sjálandshverfi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Sérbýli í Hlíðunum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **4-5 herbergja sérhæð í Hlíðunum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Íbúð í nýlegu fjölbýli með lyftu. 130-160fm**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Sérbýli í Laugarnesi eða Laugaráshverfi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Raðhús með bílskúr í Fossvoginum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Íbúðir á höfuðborgar-svæðinu sem þarfnast viðhalds**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

Guesthouse Flúðir

845 Hrunamannahreppur

Frábært tækifæri í ferðaþjónustu á ört vaxandi stað. Rekstur sem hefur gengið vel á undanförum árum og eru framtíðarhorfur mjög góðar.

- **Alls 676,9 fm** auk mögul. stækkunar um 764 fm.
  A. **328,9 fm**, veitingasalur, eldhús, íbúð, 5 herbergi og setustofa.
  B. **348 fm**, ný bygging með 11 herbergjum.
  C. **Möguleg stækkun** um 764 fm.
- **Herbergin:** Eru vel búin og eru fullbúin rúm **fyrir samtals 36 gesti**.
- **Veitingasalur:** Er fullbúin og rúmar **45 manns** í sæti **og 20** á útisvæði.
- **Eldhús:** Er **fullbúið** góðum tækjum.
- **Staðsetning:** **Frábær staðsetning** og aðkoma mjög góð. Stórt og gott bílastæði. Flúðir hefur verið að byggjast upp og er í dag einn vinsælasti staðurinn á Gullna hringnum.

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar veitir:

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Hverfisgata 92

101 Reykjavík

Glæsilegar nýjar 2ja til 4ra herb. íbúðir í miðborginni

- **Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Mikil sameign og **margar íbúðir sérstæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir**
- **Glæsileg þakíbúð** og aukin lofthæð á efstu hæðum
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- **Söluvefur**: www.vitaborg.is/hverfisgata-92/

Komið, skoðið og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!**

Nánari upplýsingar veitir:

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 15. júní kl. 17.00 - 17.30

Grænamýri 12

170 Seltjarnarnes

135 fm efri hæð með bílskúr

- Sér inngangur
- Frábær staðsetning
- Þrjú til fjögur svefnherbergi
- 23,9 fm bílskúr

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **79,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 15. júní kl. 17.30 - 18.00

Háaleitisbraut 49

108 Reykjavík

Falleg opin björt íbúð á 2. hæð 3ja herb.

- Svalir útúr stofu og svefnherbergi
- Opin borðkrókur á milli stofu og svefnherbergja
- Tvö björt svefnherbergi
- Stór lóð til suðurs. Húsið yfirfarið að utan fyrir ca 1-2 árum

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **49,9 millj.**

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 15. júní kl. 17.30 - 18.00

Suðurgata 7

101 Reykjavík

Rúmgóð 2ja herbergja íbúð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu

- Nýlegt eldhús og björt opin stofa
- Örstutt í iðandi mannlíf og fjölbreytta veitingastaði og kaffihús
- Góðar vestursvalir og sameiginlegur inngarður

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **52,5 millj.**

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 15. júní kl. 17.00 - 18.00

Laufengi 12

112 Reykjavík

Vel skipulögð og mikið endurnýjuð íbúð á 2. hæð

- Stærð 111 fm
- 3 svefnherbergi
- Opið er frá eldhúsinu yfir í rúmgóða stofu/borðstofu þaðan sem útgengt er á rúmgóðar svalir.
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónsutu

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **56 millj.**

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN hjá Jóni Rafni í síma **695 5520**

Gerplustræti 13

270 Mosfellsbær

5 herbergja íbúð á 2 hæð

- 3 svefnherbergi, stofa og TV hol 1
- 35 fm að stærð, mjög rúmgóð
- Stutt í leik- og grunnskóla
- Frábærar útsýnissvalir
- Stæði í bílgeymslu

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **69,7 millj.**

AFHENDING STRAX

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 15. júní kl. 17.00 - 17.30

Snorrabraut 56b

101 Reykjavík

Góð 2ja herbergja, 55,7 fm íbúð á jarðhæð - 55 ára +

- Úr stofu og eldhúsi er útgengt á rúmgóðan timburpall sem snýr í suð-vestur.
- Íbúðin er laus
- Frábær staðsetning

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Verð: **33 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Friðrik í síma **616 1313**

Holtasel 37

109 Reykjavík

Falleg 226,5 fm einbýli á tveim hæðum

- 3 svefnherbergi , auðvelt að bæta við tveimur
- Sólrík verönd mót suðri
- Stór stofa með arni
- Mikið endurnýjuð neðri hæð
- 31 fm bílskúr
- Góð eign á þessum skjólsæla og rólega stað

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is
Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali

Verð: **109,5 millj.**

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN hjá Axel í síma **788 7272**

Hjallasel 33

109 Reykjavík

Fallegt og vandað 69,1 fermetra parhús á einni hæð

- Mikilli lofthæð
- Rúmgott svefnherbergi
- Rúmgóð stofa
- Fallegur sér garður
- Útigeymsla

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Verð: **56,9 millj.**

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 695 5520

Beykidalur 8 260 Njarðvík

Góð tveggja herbergja 70 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi

Verð: **28,7 millj.**

- Sérverönd út frá stofu
- Skiptist í forstofu, þvottaherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og eitt svefnherbergi
- Gólfhiti

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 845 8958

Grandavegur 40 107 Reykjavík

Einbýlishús 81,1 fm við Bráðræðisholtið. Falin perla í Reykjavík

Verð: **57,9 millj.**

- Húsið var friðað árið 2012 og stendur á eignarlóð
- Forstofa, stofu, sólskála, eldhús, bað, þvottahús, svefnherbergi, rúmgott alrými og fallega innréttað
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 695 5520

Ásgarður 19 108 Reykjavík

Gott og mikið endurnýjað 136 fm endaraðhús með suður-sólpalli

Verð: **69,7 millj.**

- Rúmgóð stofa með útgangi á sólpall
- Þrjú svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi
- Húsið er mikið endurnýjað og í góðu ástandi

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

ORMSSON

netgíró

SÝNDUR SAMTÍMIS Á HRINGBRAUT OG 433.IS

433.is

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna. Hér er að ferðinni þáttur fyrir alvöru knattspyrnuáhugamenn.

HRINGBRAUT

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
270cm 119.000.kr
300cm 149.000.kr
330cm 189.000.kr
360cm 225.000.kr

SAILSKI®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir
Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Hafdals hótel við Akureyri

Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. aksturssfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
Bókanir á www.hafdals.is
Sími 898 8347

Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

BÆTIR LOFTGÆÐI
JAFNAR HITASTIG

Tilboð
59.990 kr
(var 65.373 kr)

Loftviftur



Tilboð
24.990 kr
(var 27.367 kr)

Cyclone
132 cm



Gott loft er gríðarlega mikilvægt, í vinnunni, heima hjá okkur og í skólastofum. Rannsóknir hafa sýnt að léleg loftgæði eykur líkur á sýkingum, veikindum og hefur áhfir á heilsu okkar. Gott inniloft skiptir máli.

Risaviftur
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð
54.990 kr
(var 59.870 kr)

Tilboð
21.990 kr
(var 23.075 kr)

Jet 1 - 105 cm

KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

ísúsið viftur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

ALVÖRU VEIÐIBÍLAR

ALVÖRU JEPPAR – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

GOÐSÖGNIN ER MÆTT RAFMÖGNUÐ - KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ

JEEP WRANGLER RUBICON 4XE PLUG-IN-HYBRID ALVÖRU JEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000

35”-40” ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000

EIGUM TIL AFHENDINGAR STRAX JEEP COMPASS LIMITED, RENEGADE TRAILHAWK OG RAM PALLBÍLA.

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID
VERÐ FRÁ 5.999.000 KR.

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID
VERÐ 5.499.000 KR.

40” BREYTTUR

JEEP WRANGLER RUBICON 4XE
35“-40“ BREYTINGAPAKKAR FRÁ ÍSBAND

40” BREYTTUR

RAM 3500
VERÐ FRÁ 7.627.358 KR. ÁN VSK.
9.457.923 KR. M/VSK.

ISBAND **UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI** • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300WWW •.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

Jeep | 4xe

Það var ekki beinlínis sumarlegt um að litast í Mývatnssveitinni í gær. Hólmfríður er þó bjartsýn á góða veiði í sumar og vonast eftir betri tíð. „Það er mikið æti í ánni og sumarið lítur vel út í heild," segir hún. MYND/AÐSEND

Sumarið kemur með veiðimönnunum

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Hólmfríður Jónsdóttir stendur vaktina sem staðarhaldari í veiðihúsinu Hofi við Laxá í Mývatnssveit í sumar eftir tólf ára hlé. Hún er bjartsýn á gott veiðisumar og segir fiskinn í ánni feitan og fallegan.

„Ég byrjaði að vinna við veiðileyfasölu árið 1973 en þá var ekkert veiðihús í Mývatnssveit við Laxá. Öll afgreiðslan fór fram heima hjá mér á Arnarvatni, þar sem ég bjó með foreldrum mínum, systrum og dóttur minni. Þetta var þó nokkurt álag á heimilið, en þótti sjálfsagt. Veiðimenn tjölduðu á tjaldsvæði sem var útbúið og settur var upp kamar með fötu, en það var í mínum verkahring að losa hana. Seinna var sett upp klósett með vatni, sem þurfti að dæla með handdælu. Einnig bjuggu veiðimenn í gistingu, sem var rekin í skólanum á Skútustöðum. Veiðiheimilið var tekið í notkun 1995 en það var byggt úr vinnuskúrum sem voru keyptir frá Blöndu-virkjun. Ég man að það voru ekki allir veiðimenn kátir þegar byrjað var að bjóða gistingu inni við," rifjar Hólmfríður upp.

Kúltúrinn í kringum veiðina hefur breyst heilmikið á þessum tíma, að hennar sögn. „Hér áður fyrr voru menn aðallega að veiða fisk í matinn en núna er miklu meira spáð í lífríkið, hvað urriðinn étur og hvernig samspili fisks og náttúru er háttað. Mér finnst þetta skemmtileg þróun," segir Hólmfríður glaðlega.

Hólmfríður er mætt aftur í Laxá í Mývatnssveit, mörgum til mikillar gleði. „Hér áður fyrr voru menn aðallega að veiða fisk í matinn en núna er miklu meira spáð í lífríkið, hvað urriðinn étur og hvernig samspili fisks og náttúru er háttað," segir hún.

MYND/AÐSEND

Veiðimenn að græja sig fyrir vaktina. Hólmfríði finnst ánægjulegt að hitta á ný gamla vini sem hafa komið ár eftir ár í Mývatnssveitina að veiða. Hún segir líka gaman að hitta fólk sem byrjaði að veiða í ánni sem börn. MYND/AÐSEND

> Núna þykir sjálfsagt að ég viti eitt og annað um veiði og veiðimenn leita hiklaust til mín til að fá góð ráð og upplýsingar um veiðistaði og slíkt. Mér er alltaf sýnd virðing

Saknaði Laxár í Mývatnssveit og kom aftur

Hólmfríður lét af störfum haustið 2008 þegar Stangaveiðifélag Reykjavíkur tók við rekstri árinnar af landeigendum. „Það var erfitt að hætta. Sumarið hjá mér kom alltaf með veiðimönnunum. Ástæðan fyrir því að ég kom aftur til starfa er sú að Ingimundur Bergsson hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur hafði samband við mig í vetur og sagðist lengi hafa ætlað að spyrja mig hvort ég væri til í að koma aftur. Þar sem mér finnst starfið svo skemmtilegt ákvað ég að slá til. Það er afskaplega ánægjulegt að hitta veiðimennina aftur og ég hef líka mikið yndi af því að hitta unga fólkið sem er komið að veiða eftir að hafa komið hingað sem börn."

Hvernig er venjulegur dagur hjá þér í vinnunni?

„Ég kem í veiðihúsið þegar nýtt holl kemur í ána. Ég passa upp á að fólk skrái veiðina og reyni að vera fólki innan handar ef það ratar ekki um svæðið og gef því upplýsingar um flugur og góða veiðistaði. Starfið er miklu léttara en þegar ég var að þvo gólf og skipta um á rúmum. Núna sjá aðrir um það."

Hvernig verður veiðisumarið að þínu mati?

„Ég er bjartsýn. Urriðinn er vænn, feitur og fínn. Það er mikið æti í ánni og sumarið lítur vel út í heild. Ég vona bara að það verði ekki bálhvasst eða hríðarveður í allt sumar." ■

Púpan vinsælust

Þegar talið berst að því hvaða fluga sé vinsælust við veiði í Laxá í Mývatnssveit segir Hólmfríður að núna sé veiði á púpur gegnumgangandi. „Áður fyrr var stór straumfluga mest notuð en svo urðu litlar silungaflugur vinsælar en það hefur þróast yfir í að núna nota veiðimenn nær eingöngu púpur. Hér var t.d. holl um daginn sem var mikið púpuveiðiholl. Eins og stendur er mikið af hornsílum í ánni sem koma ofan úr Mývatni og þá er vænlegra að veiða á straumflugu, eins og t.d. Black Ghost, heldur en púpu en ég verð vör við að margir veiðimenn, sérstaklega þeir yngri, eiga erfitt með að veiða á annað en púpu."

Kona í karlaheimi

Innt eftir því hvernig það sé að vera kona í þeim karlaheimi sem stangaveiðin óneitanlega er segir Hólmfríður að það hafi breyst af urriða, enda vanir því að mega aðeins hirða einn fisk í sínu heimalandi."

GOTT
Í VEIÐINA!

Pågen gifflar, alltaf ómótstæðilegir

Þegar sérstaklega stórir laxar veiðast þykja það mikil tíðindi.

Stórlaxar

sandragudrun@frettabladid.is

Grímseyjarlaxinn er oftast talinn stærsti lax sem veiðst hefur við Ísland en hann var 49 pund, eða 34,5 kíló. Grímseyjarlaxinn var veiddur í apríl árið 1957 í sjó við Grímsey. Við aldursgreiningu kom í ljós að þetta var tíu vetra gömul hrygna. Grímseyjarlaxinn var stoppaður upp og var lengi geymdur hjá Veiðimálastofnun en árið 2018 afhenti Fiskistofa Náttúruminjasafni Íslands laxinn til varðveislu.

Hafrannsóknastofnun heldur utan um skráningu á stærstu fiskum sem veiðst hafa hér á landi en samkvæmt upplýsingum á vefsíðu stofnunarinnar hefur einn stærri lax veiðst hér á landi en það mun hafa verið á 19. öld. Nákvæmt ártal er þó ekki gefið upp né nákvæm þyngd en sagt er að laxinn hafi verið 30–35 kíló að þyngd. Á tímarit.is má finna upplýsingar um laxinn en misjafnar sögur hafa farið af því hver veiddi hann. Laxinn var veiddur í Hvítá í Borgarfirði. ■

Staðgóð, holl og gómsæt máltíð.

Lostætt laxapasta

thordisg@frettabladid.is

Nýveiddur lax og silungur er herramannsmatur. Auðvelt er að útbúa gómsætar krásir úr fiskmetinu og vinsælt á sumrin að grilla lax og silung eins og að láta reykja fiskinn til að eiga sem álegg eða í forrétti. Þá er bæði frískandi og einfalt að laga sumarlegt laxapasta sem fellur flestum í geð. Hér er dásamlega góð uppskrift:

Spagettí
Nýr eða reyktur lax eða silungur
Smjör
Sólþurrkaðir tómatar
Kapers
Rauðlaukur
Aspas
Sítróna
Salt og pipar

Sjóðið spagettí í vel söltu vatni og látið svolítið smjör eða olíu út í vatnið. Þegar spagettíið er soðið, sigtið frá vatnið, setjið pastað á pönnu á lágum hita, leyfið vænni smjörklípu að bráðna í hita þess, kreistið sítrónu yfir og hrærið því saman við. Steikið fiskinn á pönnu á meðan spagettíið sýður, saltið hann og piprið eða kryddið að smekk. Setjið þá spagettíið í skál eða á diska, og ofan á það brakandi ferskan og nýsteiktan fiskinn í bitum, eða þá heitan, reyktan lax, sólþurrkaða tómata, aspas, kapers, rauðlauk, klettasalat og létta sítrónudressingu úr sýrðum rjóma, sítrónu, vorlauk og pipar. Rífið að lokum parmesan-ost yfir og njótið vel. ■

Laxasalat á brauðið

elin@frettabladid.is

Það má nota afganginn af soðnum eða bökuðum laxi í salat. Einfalt er að gera slíkt salat og taka með sér í nesti með brauði. Gott er að hafa ristað brauð eða rúgbrauð. Einnig má setja salatið í samloku með káli og tómötum. Þessi uppskrift ætti að duga fjórum. Það er einfalt að breyta og bæta þessa uppskrift, til dæmis með soðnum eggjum. Þá má líka nota heitreyktan lax eða silung í salatið, jafnvel reyktan lax.

200 g kaldur, soðinn lax
Hálfur rauðlaukur
1/3 agúrka
2 msk. majónes
1 msk. sýrður rjómi eða grísk jógúrt
1/3 tsk. cayennepipar
1 msk. sítrónusafi
Smávegis dill

Stappið laxinn með gaffli. Skerið lauk og gúrku mjög smátt. Bragðbætið með cayennepipar, salti, pipar og sítrónusafa.

Hrærið allt saman.

Ristið brauð og skerið í þríhyrninga.

Toppið með laxasalatinu og skreytið með dilli og kannski smá majónesi. Einnig er gott að hafa graslauk yfir ef hann er við höndina. ■

Laxasalat er gott með brauði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Reykjadalsá

Reykjadalsá er lagleg og nett tveggja stanga laxveiðiá í uppsveitum Borgarfjarðar. Hún á upptök sín við rætur Oks og liðast mjúklega um Hálsasveit og Reykholtsdal framhjá sögufrægum stöðum einsog Reykholti og Deildartunguhver. Áin sameinast svo Flókadalsá og eiga þær saman ós í Hvítá skammt ofan við Svarthöfða.

Eigum ennþá nokka lausa daga!
Til að bóka sendu þá póst á reykjadalsa@hotmail.com

KEEN sandalar fyrir sumarið

Venice ♀
Lokað hælband og tá

16.990 kr.

Stingum af ...

Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá

17.990 kr.

Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá

15.990 kr.

Elle Backstrap ♀
Úr endurunnum efnum

14.990 kr.

Clearwater CNX ♀
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

Terradora II ♀
Léttir, stillanlegir við ökkla og tær

15.990 kr.

Newport ♂
Gott grip, lokuð tá

20.990 kr.

Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá

18.990 kr.

Targhee Open Toe Sandal ♂
Stillanlegur á 3 stöðum

16.990 kr.

Clearwater CNX ♂
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opið virka daga 10:30-18 og laugardaga 11-15

Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Húsnæði í boði

ÍBÚÐ Á TENERIFE
3ja herb. íbúð á Tenerife til leigu í Los Cristianos. Laus júní, júlí og ágúst. Uppl. í síma 893 3475

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Til leigu einstaklings. íbúð á sv. 200. LAUS Leiga 155 þús per/mán. Trygging 2 mán. Uppl. í s. 893 3475

Herb. til leigu á svæði 108. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Laugardalur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Breytingin felur í sér skilgreiningu íþróttamannvirkja á svæði austan Laugardalsvallar. Gerðir verða nýir gervigrasvellir á svokölluðum Valbjarnarvelli. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum gervigrasvöllum til æfinga og að þeir verði afgirtir með netgirðingum og heimilt verði að reisa ljósmöstur við vellina. Áfram er gert ráð fyrir núverandi tennisvöllum og opnum göngu og skokkleiðum á milli Laugardalsvallar og gervigrasvalla. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gamla höfnin - Vesturbugt, reitir 03 og 04

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar, Gamla höfnin, vegna reita 03 og 04. Í breytingunni felst að göturými Hlésgötu er bætt við reiti 03 og 04 og stækka svæðin sem því nemur, fjölga íbúðum úr 170 í 192, heimilt verði að breyta 3 raðhúsum á reit 03 í fjölbýlishús með því að tengja þau húsinu við hliðina (Mýrargata) með svalagangi, heimilt verði að breyta 2 x 3 raðhúsum á reit 04 í fjölbýlishús með því að tengja þau hornhúsunum sín hvoru megin með svalagöngum, heimilt verði að nýta jarðhæð á suðvestur horni á reit 04 fyrir allt að 7 íbúða búsetuúrræðiskjarna o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:30 – 16:00 **frá 15. júní 2021 til og með 28. júlí 2021**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 28. júlí 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 15. júní 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

ÚTSALA

35-70% AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM

H2 rafmagnsborð

35% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ: **67.925 kr.**

SUPPORT skrifborðsstólar

35% afsláttur

VERÐ FRÁ: **20.410 kr.**

50-70% afsláttur af völdum vörum í verslun og **á www.hirzlan.is**

EINU STÓLARNIR MEÐ Dondola 360° VELTITÆKNI

ERGO MEDIC

148.900 kr.

LISTAVERÐ: **229.900 kr.**

11 LITIR Í BOÐI

UNI 550 stólar

19.400 kr.

LISTAVERÐ: **29.900 kr.**

RAMMASAMNINGUR VIÐ RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2020

Veðurspá Þriðjudagur



Austan og norðaustan 5-13 í dag, en 13-18 með suðausturströndinni síðdegis. Skýjað með köflum og yfirleitt þurrt en rigning af og til um landið suðaustanvert og stöku skúr eða él norðaustantil. Hiti frá 3 stigum í innsveitum norðaustanlands, upp í 11 stig suðvestantil. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur

Alexander Donchenko (SSON) átti leik gegn Gunnari Frey Rúnarssyni (Víkingaklúbbnum) á Íslandsmóti skákfélaga.

31. Hxc8! Bxb3 (31...Hxb8 32. Rd6) **32. Rd6 1-0.** Vignir Vatnar Stefánsson vann sigur á þriðja móti Brim-mótaraðarinnar sem fram fór um helgina. Davíð Kjartansson varð annar. Alexander Oliver Mai, Lenka Ptácníková og Haraldur Haraldsson urðu í 3.-5. sæti.
www.skak.is: Brim-mótið. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 BEITT
5 STAFUR
6 NÓTA
8 FÁA
10 BORÐA
11 KVEINSTAFIR
12 NIÐRUN
13 SEYTLAR
15 GRÆÐARI
17 TJÓN

LÓÐRÉTT
1 RÍKI Í AFRÍKU
2 PÁR
3 BLAÐ
4 LEIKUR
7 SÁLMABÓK
9 MOLA
12 GLJÁHÚÐ
14 FUGL
16 ÓRÓ

LÁRÉTT: 1 skörp, 5 err, 6 as, 8 nokkra, 10 et, 11 vil, 12 last, 13 agar, 15 læknir, 17 skaði.
LÓÐRÉTT: 1 senegal, 2 krot, 3 örk, 4 paris, 7 saltari, 9 kvarna, 12 lakk, 14 gæs, 16 ió.



Sudoku

6		8	5				4	1
3							7	
	4	5	3	6			9	
8	6		1	9		5		
	5	2						4
1								
2	8				3			9
		6	7		5	2		8
	3	7		8	2			

7			8				1	6
		6			7			9
				4			8	
1				3				
	8	4	2	1				7
				5	3	2		
	1		7	8			6	5
	2	3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HEILSUDÝNUR OG -RÚM
MJÚK- OG DÚNVÖRUR
SVEFNSÓFAR
SMÁVÖRUR
STÓLAR
SÓFAR
BORÐ

DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORGI
OPIN Á SUNNUD.
KL. 13-17

Sumar útsalan
í fjórum verslunum

Smáratorgi
Holtagörðum
Akureyri
Ísafirði

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

SUMAR
ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

LICATA
u-sófi

Licata u-sófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 366 x 226 x 82 cm

Dormaverð: 369.990 kr.

Aðeins 221.940 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

OPIÐ
9.00-22.00
alla daga

SUMAROPNUN
bílaapóteks Lyfsalans
á Vesturlandsvegi

OPNUM KL. 9 ALLA DAGA Í SUMAR

Renndu við í lúguna á leiðinni
út úr bænum.

LYFSALINN **BÍLAAPÓTEK**

SCOTT
Hornsófi úr mjög sterku bonded leðri (leðurblöndu). Litur Kentucky Stone. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færanlegt).

223.992 kr. ~~279.990 kr.~~

VENICE
2ja og 3ja sæta leðursófar

2ja sæta
167.992 kr. ~~209.990 kr.~~
3ja sæta
215.992 kr. ~~269.990 kr.~~

BRISTOL
Hægindastóll 63.992 kr. ~~79.990 kr.~~

FIERCE
Borðstofustóll 25.193 kr. ~~35.990 kr.~~

SAINTES
Glerskápur/svart birki
153.993 kr. ~~219.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 **Lengjumörkin (e)** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 **Eldhugar (e)** Í Eldhugum fara Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 **433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Kastljós**
11.25 **Menningin**
11.35 **Sumarlandinn 2020**
12.10 **Gönguleiðir** Hrísey
12.30 **Hraðfréttir**
12.40 **Sinfó í Japan**
13.20 **Ómar Ragnarsson - Við eigum land**
14.25 **Karlakórinn Hekla**
15.55 **Við getum þetta ekki**
16.25 **Gleðin í garðinum**
16.55 **Klofningur**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Rosalegar risaeðlur**
18.29 **Hönnunarstirnin**
18.46 **Bílskúrsbras**
18.50 **Sumarlandabrot 2020**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.00 **Martin Clunes. Eyjar Ameríku Martin Clunes. Islands of America**
20.50 **Græni slátrarinn Den grøne slaktaren**
21.25 **Dagbók smákrimma Måste Gitt** Sænskir gamanþættir um smákrimmann Metin Turkoglo sem er þekktur í úthverfum Stokkhólms fyrir klúðurslega glæpi. Hann er laus úr fangelsi og verður að finna sér vinnu til að koma lífi sínu á réttan kjöl. Það er hrein ráðgáta hvernig Metin tekst alltaf að snúa lífi sínu á hvolf. Fylgst er með lífi Metin heima, í „vinnunni“ og með félögunum þar sem hann reynir að bjarga sér úr alls konar vandræðum. Aðalhlutverk: Can Demirtas. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Gátan ráðin í San Francisco Bletchley Circle. San Francisco**
23.05 **Þýskaland ‘86 Deutschland ‘86**
23.50 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

09.30 **European Tour** Útsending frá Scandinavian Mixed.
14.30 **European Tour**
19.00 **European Tour 2021 - Highlights**
19.25 **European Tour** Útsending frá Scandinavian Mixed.
23.55 **PGA Special. Memorial Week of Show** Sérstakur þáttur um Memorial Tournament.

Sjónvarp Símans

06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **Life Unexpected**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Líf kviknar**
20.45 **Younger**
21.15 **Bull**
22.05 **Hightown**
23.00 **Pose** Skemmtileg þáttaröð þar sem söngur og dans spilar stórt hlutverk. Sögusviðið er New York árið 1987 þar sem skrautlegur klæðnaður og dans spilaði stórt hlutverk í menningunni.
00.00 **The Late Late Show**
00.45 **Love Island**
01.40 **Ray Donovan**
02.30 **Normal People**
03.00 **Chicago Med**
04.30 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið** Fyrri og seinni hluti
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Gáfnaljósið**
14.30 **Gáfnaljósið**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Frjálsar hendur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Hvar erum við núna?** Í útilegu
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.30 **Kvöldsagan. Njáls saga** (22 af 29)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

11.40 **Justice League vs. the Fatal Five**
12.55 **The Children Act**
14.40 **Monster in Law**
16.20 **Justice League vs. the Fatal Five**
17.35 **The Children Act**
19.20 **Monster in Law**
21.00 **Mortal Engines**
23.10 **The Journey** Vönduð mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum.
00.40 **Greta**
02.15 **Mortal Engines**

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.20 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Divorce**
09.55 **Logi í beinni**
10.50 **Your Home Made Perfect**
11.50 **NCIS**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Grey’s Anatomy**
13.45 **Ísskápastríð**
14.10 **Lýðveldið**
14.30 **City Life to Country Life**
15.20 **Feðgar á ferð**
15.40 **Veronica Mars**
16.20 **Who Wants to Be a Millionaire**
17.00 **BBQ kóngurinn**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Einkalífið**
19.40 **Last Man Standing**
20.05 **Shrill** Þriðja og jafnframt síðasta þáttaröð þessara frábæru gamanþátta um Annie sem er í yfirvigt og er tilbúin í breytingu í lífi sínu án þess þó að það hafi áhrif á líkamsþyngd hennar.
20.30 **The Girlfriend Experience**
21.05 **S.W.A.T.**
21.50 **Last Week Tonight with John Oliver**
22.20 **The Wire**
23.20 **The Gloaming**
00.15 **Coroner**
01.00 **LA’s Finest**
01.45 **The Mentalist**
02.25 **Divorce**
02.55 **NCIS**
03.35 **Your Home Made Perfect** Önnur þáttaröð þessa stórgóðu bresku þátta þar sem arkitektar keppast við að hanna falleg heimili.

Stöð 2 Sport

08.55 **Pepsi Max Stúkan**
09.15 **Leiknir R. - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
10.55 **KR - Haukar** Útsending frá leik í undanúrslitum í Dominos deild karla.
12.45 **ÍBV - Valur** Útsending frá leik í Olís deild karla.
14.10 **Stjarnan - Haukar**
15.35 **Haukar - Stjarnan** Útsending frá leik í Olís deild karla.
17.00 **Martin Hermannsson**
17.30 **Valur - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild karla.
19.00 **Seinni bylgjan karla - Upphitun**
19.25 **Fyrsti úrslitaleikur** Útsending frá leik í Olís deild karla.
21.10 **Seinni bylgjan - karla**
21.40 **Leiknir R. - KR**
23.20 **Emil Hallfreðsson**
23.50 **Topp 5**

Stöð 2 Sport 2

08.40 **Coventry - QPR**
10.20 **Milwaukee Bucks - Brooklyn Nets**
12.10 **Ísland - Írland** Útsending frá vináttulandsleik í A deild kvenna.
13.50 **Úrsilt - Leikur 1** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
15.30 **EM í dag - Upphitun**
16.00 **Ungverjaland - Portúgal** Bein útsending frá leik á EM.
18.00 **EM í dag - Uppgjör**
18.35 **EM 1996** Heimildaþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1996 er mótið fór fram í Englandi.
19.25 **Aston Villa - Liverpool**
21.05 **Celtic - AC Milan**
22.35 **PSG - Manchester United**

UEFA EURO2020

UNG - POR
Í DAG 16:00

FRA - ÞÝS
Í KVÖLD 19:00

EM2020

Tryggðu þér aðgang á **stod2.is**

Eyrún Ævarsdóttir, formaður sirkuslistafélagsins Hringleiks, í nýju húsnæði félagins á opnunarhátíð fjöllistahallanna á Sævarhöfða.

Nemendur Æskusirkussins æfa sig í loftfimleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hátíð, húsnæði og Grímuverðlaun

Sirkuslistafélagið Hringleikur hefur í nógu að snúast þessa dagana. Félagið fékk styrk til að halda sirkuslistahátíð, er nýbúið að taka í notkun nýtt húsnæði á Sævarhöfða og fékk Grímuverðlaun fyrir sýninguna Allra veðra von.

urduryrr@frettabladid.is

Sirkussenan á Íslandi hefur verið í mikilli þróun á undanförnum árum, segir Eyrún Ævarsdóttir, formaður sirkuslistafélagsins Hringleiks. Félagið fékk nýlega styrk frá Barnamenningarsjóði til að halda sirkuslistahátíð og stefnir á að láta verða af því sumarið 2022.

„Hátíðin verður þrír dagar og við ætlum að vera með sýningar, námskeið og svona upplifunarsýningar líka. Það verður sem sagt hitt og þetta og allt eitthvað sirkustengt," segir Eyrún.

Með hátíðinni er vonast til þess að tengja saman það sem er að gerast í sirkuslistum á Íslandi og það sem er að gerast erlendis. „Við stefnum á að vera í samstarfi við erlenda aðila, sérstaklega sirkusrýmið Dynamo í Danmörku, um að fá til okkar nokkra alþjóðlega listamenn með sýningar."

Sirkushús á Sævarhöfða

Hátíðin verður meðal annars haldin í nýju húsnæði félagsins á Sævarhöfða, sem tekið var í notkun á dögunum. Þetta er í fyrsta sinn sem sirkuslistir hafa verið með eigið húsnæði á Íslandi en listgreinin hefur miklar sérþarfir hvað varðar rými, búnað og lofthæð.

„Sirkuslistir hafa verið að þróast mjög hratt á Íslandi á undanförnum árum og fjölmargir farnir að stunda þetta, bæði sem áhugafólk og sem fagmenn. Núna hefur allt þetta fólk betri aðgang að því að geta æft sína listgrein eins og það vill," segir Eyrún

Hringleikur er ekki eina félagið sem hefur flutt starfsemi sína á Sævarhöfða. „Núna rísa ýmsar ólíkar fjöllistahallir, sem eru undir sirkus, „parkour", hjólaskauta, tónlistarfólk og alls konar. Það verður gaman að sjá hvernig allir þessir aðilar munu koma að þessum viðburði," segir Eyrún.

> Sirkuslistir hafa verið í mikilli þróun undanfarin ár, sem hefur verið ótrúlega gaman og gott að finna þann meðbyr sem við höfum fengið.

Hátíðin mun nýta þau ólíku rými sem eru á svæðinu. „Við leyfum þannig sirkus og almennt skemmtilegum listum og fjöri að flæða þarna um bæði úti og inni," segir Eyrún. „Við vonum að þetta verði skemmtileg stemning og fullt af alls konar viðburðum sem fólk vissi ekki að væru til staðar á Íslandi."

Allra veðra von

Þetta eru ekki einu stóru fréttirnar hjá félaginu, en í síðustu viku fékk sýningin Allra veðra von Grímuverðlaun fyrir dans og sviðshreyfingar ársins.

„Allra veðra von er aðgengileg nýsirkussýning sem fjallar um veðrið með tungumáli sirkuslistanna, þar sem loftfimleikar og akróbatík blandast við leiklist, dans og tónlist til að skapa heim þar sem við skoðum sögur af mönnum og veðri," segir Eyrún.

Sýningin var frumsýnd í Tjarnarbíói í maí og frá júní til ágúst ætlar hópurinn að sýna utandyra á landsbyggðinni.

„Sirkuslistir hafa verið í mikilli þróun undanfarin ár, sem hefur verið ótrúlega gaman, og við erum þakklát að finna þann meðbyr sem við höfum fengið," segir Eyrún. „Okkur hefur verið mjög vel tekið með þá þróun." ■

Loftfimleikar í húsnæði Hringleiks.

Krakkar leika sér í „parkour" í næsta sal.

Hringleikur hefur tekið í notkun nýtt sirkushúsnæði á Sævarhöfða.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

2021 LÍNAN AF KING KOIL ER KOMIN

★★★★★

KOMDU OG UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM

2021 LÍNAN FRUMSÝND Í REKKJUNNI



KIROPRAKTORSTOFA ÍSLANDS

„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á **King Koil.**
Ég mæli persónulega og faglega með **King Koil.**“

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur@frettabladid.is

Endurútsetti sígilda klassík Daft Punk á orgel

Organistinn Kristján Hrannar Pálsson spilar plötuna Discovery eftir Daft Punk á tónleikum í Laugarneskirkju á miðvikudaginn. Hann segir franskt rafpopp og orgeltónlist eiga fleira sameiginlegt en marga grunar.

Organistinn og kórstjórinn Kristján Hrannar Pálsson heldur nú á miðvikudaginn tónleika í Laugarneskirkju þar sem hann flytur hina goðsagnakenndu plötu Discovery með Daft Punk. Þetta væri kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að Kristján útsetti plötuna fyrir orgel og svo er auðvitað ekki algengt að tónlist franska rafpoppsdúósins hljómi í kirkju. Kristján segist í raun alltaf hafa verið í tónlist, alveg frá því í barnæsku.

„Ég var í klassísku píanónámi sem barn og fór í kór í menntaskóla og sá þar fyrst spilað á orgel. Það var samt ekki fyrr en löngu seinna að ég sótti um í Tónskóla þjóðkirkjunnar og byrjaði í orgeltímum að hljóðfærið heillaði mig upp úr skónum. Fyrir græjunörd eins og mig er þetta náttúrlega hin eina sanna græja, með flesta takka og stærstu fítusana og feitasta sándið," segir Kristján.

Heiðrar minningu sveitarinnar

Þótt Kristján væri góður á píanó tók það hann marga mánuði að ná einhverri færni á orgelið.

„Það er af því að stór hluti af músíkinni er leikin með fótunum. Þetta er því oft meira eins og að spila á trommur," útskýrir Kristján.

Um aðdraganda þess að hann ákvað að útsetja plötuna fyrir orgelið segir Kristján Hrannar að hann hafi lengi langað til að halda orgeltónleika sem myndu draga að sér fólk sem fer venjulega ekki á slíka tónleika.

„Svona til að kynna hljóðfærið, því þetta er eins og með norðurljósin, það er alveg gaman að sjá þau á myndbandi en maður fattar ekki hversu magnað það er fyrr en á staðnum. Þetta er fyrst og fremst „live"-hljóðfæri. Daft Punk lagði síðan upp laupana í fyrra og þess vegna er ég hálfpartinn að heiðra minningu sveitarinnar, spila yfir moldum þessara tveggja frumkvöðla," segir hann.

> **Fólk mætir á Daft Punk-tónleika og sér tvo náunga með hjálma standa á bak við altari, með ljósasýningu og reyk. Öll upplifunin er mjög mystísk og trúarleg.**

Óaðfinnanleg fagurfræði

Orgelið er stundum kallað amma eða afi „synthans", að sögn Kristjáns.

„Margir „synthar" eru byggðir upp eins og orgel, þannig að skyldleikinn er til staðar. Svo er margt í franskri orgeltónlist og franskri raftónlist sem er augljóslega eins. Sígarettureykur og ákveðinn perraskapur fyrir góðu sándi og silkimjúku yfirbragði. Ég var fjórtán ára þegar Discovery kom eins og sprengja inn í mína kynslóð. Fólk vissi einhvern veginn að þessi plata yrði sígild."

Kristján segir andlits- og nafnleysi Daft Punk líka vera svo heillandi.

„Fólk mætir á Daft-Punk tónleika og sér tvo náunga með hjálma standa á bak við altari, með ljósasýningu og reyk. Öll upplifunin er mjög mystísk og trúarleg.

Fagurfræðin bak við hljómsveitina er óaðfinnanleg, tónlistin og estetíkin blandast fullkomlega saman. Ekki ósvipað því sem gerist á tónleikum í kirkju, þar sem tónlistin og umgjörðin mynda eina heild. Fólk mun lítið sjá mig á sjálfum tónleikunum, ég verð bara uppi á svölum bak við orgelið," segir Kristján.

Hann segir það ekki hafa verið jafn flókið að útsetja plötuna og hann upphaflega hélt.

„Ég er að vísu þaulvanur að pikka upp lög á ýmis hljóðfæri, þannig að það hjálpaði mikið, og hef oft áður útsett lög fyrir orgel sem hafa aldrei verið leikin á það hljóðfæri áður. En sum lögin er svo skemmtilegt að klæða í nýjan búning, vísa bara í þau undir rós, þannig að fólk sem þekkir þau skilur vísunina, en að öðru leyti nær það ekkert lengra."

Þrátt fyrir að vera mjög fær á píanó þá tók það Kristján tíma að ná lagi á orgelinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nánast uppselt

Hann segir það í raun ekki ósvipað því sem organistar hafa gert í mörg hundruð ár.

„Sem sagt að spila forleik fyrir sálma sem eru oft svo ólíkir upprunalegu lagboðunum að bara þau sem vel þekkja, skilja tilvísunina. Þetta er mjög gömul hefð. Sum lögin tóku þó mun lengri tíma, en þetta er samt sem áður eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið að mér."

Fólk getur átt von á miklu stuði en aðeins öðruvísi keyrslu en á raftónleikum.

„Ég trúði því ekki hvað miðarnir seldust hratt þegar ég kynnti tónleikana í upphafi, það var miklu meiri stemning fyrir þessu en ég hafði haldið."

Miða er hægt að fá á tix.is, það er nánast uppselt á tónleikana þannig að það fer hver að verða síðastur. ■

vfs.is

Milwaukee®

ALVÖRU VERKFÆRI

Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 25. JÚNÍ 2021

KAUPAUKAR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

PEYSA eða BOLUR
Fylgja völdum vörum meðan birgðir endast!

DERHÚFA
Fylgir öllum kaupum meðan birgðir endast!

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og fáðu ***VERKFÆRATÖSKU***

Bitasett – 40 stk – og vinkildrif

Með öllum helstu bitunum, bitaborum, segultoppum og framlengningum.

Vnr. MW 4932478906

8.990 kr.
Áður 12.490 kr.

M12 FUEL
Borvél og höggskrúfvél

Sett með borvél 44Nm með 13mm patrónu og höggskrúfvél 147Nm ásamt 2 stk 4,0Ah rafhlöðum, hleðslutæki og tösku. POWERSTATE™ mótorar. REDLINK PLUS™ yfirálagsvörn. REDLITHIUM-ION™.

Vnr. MW 4933459808

62.900 kr.
Áður 79.900 kr.

M18
Borvél og höggskrúfvél

Sett með kolalausri borvél 60Nm m/höggi og kolalaus höggskrúfvél 180Nm. Með 2x4.0Ah rafhlöðum, hleðslutæki og tösku. REDLINK™. REDLITHIUM™.

Vnr. MW 4933464536

64.900 kr.
Áður 85.900 kr.

M12 FUEL
Borvél með aukahlutum og bakpoka

Sett með borvél 37Nm með 13mm patrónu ásamt 2 x 2,0Ah rafhlöðum, vönduðum bakpoka, bitasetti, málbandi 5m með segli, Fastback hníf, snigilborum og tússpennum. POWERSTATE™ mótor. REDLINK PLUS™ yfirálagsvörn. REDLITHIUM-ION™.

Vnr. MW 4933471381

54.900 kr.
Áður 67.900 kr.

HAPPDRÆTTI

Verslaðu Milwaukee vöru dagana 1. júní til 25. júní og þú ferð í pott.

Stórglæsilegir vinningar!

3 heppnir geta unnið glæsilegt Milwaukee fótboltaspil.

M18
Borvél 60Nm með höggi

Einungis 165mm að lengd, 13mm patróna. 2x2.0Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska. POWERSTATE™ mótor. REDLINK PLUS™. REDLITHIUM-ION™.

Vnr. MW 4933464320

42.900 kr.
Áður 55.900 kr.

TILBOÐS-BÆKLINGUR
Náðu þér í eintak.

VERKFÆRA SALAN

Milwaukee® BÍLLINN

Á ferðinni um landið. Prufaðu allt það nýjasta þegar hann er nálægt þér. Sjáðu dagskrána á vfs.is

Sjáðu öll tilboðin á **vfs.is**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

FRÉTTABLAÐIÐ

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Sáttmáli Bjarna og Kötu

Ég var aldrei bjartsýnn á blíðar samfarir Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna þegar þeir hurfu undir sömu sæng. Þetta gekk allavega ekki vel í Forn-Grikklandi þegar Prómeþeifur og Seifur sneru bökum saman.

Þótt Prómeþeifur hafi gleymt okkur þegar hann gaf lífverum jarðar eiginleika, með þeim afleiðingum að við getum ekki flogið, erum illa hönnuð til sunds, með engar klær og einungis smjatttennur sem koma að engum notum á veiðum, er hann velgjörðarmaður okkar mannfólksins þar sem hann færði okkur eldinn svo við döfnuðum og tryggði með ráðabruggi að Seifur tæki hann ekki af okkur. Yfirguðinn vildi nefnilega hafa mannfólkið til að ráðskast með og riðlast á í myrkrinu, ef þannig bar undir. Hann vildi líka ótakmörkuð fríðindi guðum til handa en krafðist undirgefni af hálfu manna enda var hann á því að allt færi til þess í neðra ef mannfólkið réði. Prómeþeifur var hins vegar aldrei kátari en þegar eldur var undir kötlum í kotum og hlýtt á kvöldvökum. Þessar ólíku áherslur áttu illa saman og þar sem Seifur er ósamningslyndur endaði þetta með því að örninn fékk þann starfa að éta lifrina úr Prómeþeifi þegar hann fékk leyfi frá merki Sjálfstæðisflokksins.

Svo koma Kata og Bjarni og sameina þessa fornu fjendur rétt eins og lífið væri auglýsing frá Póstinum. Og hver er afraksturinn? Ekki hefur hagur hinna útvöldu versnað við samdráttinn en ekki verður heldur séð að ljósið hafi verið tekið af alþýðunni. Mér sýnist sáttmálinn heldur felast í því að guðir fái áfram að leika sér að mannfólkinu en þó allavega yfir kertaljósi. ■

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA *í sumar*

HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

BODYPRINT

Reverie Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

HANDGERT ILMKERTI MEÐ SUMARLEGUM BERJAILMI

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

SUMARLEG SÆNGURVERASETT

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Svefn & heilsa ★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.